



**Að koma út úr tveimur skápum**  
Ungar fatlaðar lesbíur

Svanhvít Sjöfn Skjaldardóttir

**Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf**

**Félagsvísindasvið**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Að koma út úr tveimur skápum**  
***Ungar fatlaðar lesbíur***

Svanhvít Sjöfn Skjaldardóttir  
221087-2409

Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf  
Umsjónarkennari: Anni G. Haugen  
Leiðbeinandi: María Játvarðardóttir

Félagsráðgjafardeild  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands  
Febrúar 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Svanhvít Sjöfn Skjaldardóttir 2012

Prentun: Háskólaprent  
Reykjavík, Ísland 2012

## Útdráttur

Viðfangsefni ritgerðarinnar er samkynhneigt fatlað fólk. Í upphafi er fræðileg umfjöllun um fötlun og samkynhneigð ásamt samspili þessara tveggja þátta. Málafni samkynhneigðra fatlaðra kvenna eru sérstaklega tekin fyrir og er þar að auki greint frá þróun sjálfsmyndar og því ferli að koma út úr tveimur skápum, sem fötluð manneskja og samkynhneigð. Farið er í þekkingu þessa málefnis á Íslandi og erlendis. Greint er frá hvaða aðstoð er í boði fyrir samkynhneigt fatlað fólk hér á landi og hvaða afleiðingar lítil þekking og aðstoð getur haft í för með sér. Að lokum er umfjöllun um hlutverk og aðkomu félagsráðgjafa að málafnum samkynhneigðs fatlaðs fólks.

Niðurstöður ritgerðarinnar gefa til kynna að til staðar sé takmörkuð þjónusta/aðstoð fyrir samkynhneigt fatlað fólk á Íslandi, ónóg fræðsla sem býður ekki upp á fjölbreytileika og að þekkingarleysi meðal félagsráðgjafa og fagfólks sé til staðar gagnvart þessum hópi. Ljóst er að sýnileiki samkynhneigðs fatlaðs fólks á Íslandi er lítil sem enginn. Vinna þarf að bættum hag þessa hóps bæði hér á landi og erlendis.

## Formáli

Verkefni þetta var skrifað haustið 2011 og er BA ritgerð mín við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Hugmyndina að ritgerðarefninu hafði ég fengið vegna þess að ég hef starfað með fötluðu fólki í nokkur ár og orðið vitni að baráttu þess til að öðlast grundvallarmannréttindi. Mér fannst áhugavert að skoða frekar stöðu samkynhneigðs fatlaðs fólks vegna þess að ég taldi þann hóp vera algjörlega óþekktan innan íslensks samfélags. Einnig fannst mér áhugavert að kanna aðkomu félagsráðgjafa að þessum hópi.

Leiðbeinandi verkefnisins er María Játvarðardóttir og fær hún þakkir fyrir veitta aðstoð meðan á vinnunni stóð. Einnig vil ég þakka Anni G. Haugen, umsjónarmanni verkefnisins fyrir góð ráð og faglega aðstoð. Mínar allra innilegustu þakkir vil ég færa Emblu Ágústsdóttur og Freyju Haraldsdóttur bæði fyrir gríðarlegan innblástur og fá orð því ekki lýst hversu þakklát ég er að hafa kynnst þeim. Önnu Jensdóttur vil ég þakka fyrir yfirlestur á málfari og stafsetningu. Móður minni Maríu Ragnarsdóttur vil ég þakka kærlega fyrir yfirlestur og góð ráð. Þar að auki vil ég koma sérstöku þakklæti til vinkonu minnar Helgu Söru Henrysdóttur fyrir dyggan stuðning frá upphafi til enda þessa verkefnis.

Að lokum vil ég tileinka verkefnið öllu samkynhneigðu fötluðu fólki og vona að það eigi eftir að hjálpa til í baráttu þess í átt að sýnileika og jafnréttis í samfélaginu.

## Efnisyfirlit

|  |    |
|--|----|
| Formáli .....  | 1  |
| Inngangur .....                                      | 4  |
| 1. Hvað er fötlun – Hvað er samkynhneigð? .....      | 5  |
| 1.1. Skilgreining/skilningur á fötlun .....          | 6  |
| 1.1.1. Læknisfræðileg skilgreining .....             | 6  |
| 1.1.2. Norræna tengslasjónarhornið á fötlun .....    | 7  |
| 1.1.3. Breska félagslega sjónarhornið .....          | 7  |
| 1.2. Samkynhneigð .....                              | 8  |
| 1.3. Fötlun, samkynhneigð og kynverund .....         | 9  |
| 2. Samkynhneigðar fatlaðar konur .....               | 12 |
| 2.1. Ég er ung, samkynhneigð fötluð kona .....       | 12 |
| 2.2. Sambætt mismunun .....                          | 13 |
| 2.3. Myndun sjálfsmyndar .....                       | 14 |
| 2.4. Að koma út úr báðum skápum .....                | 17 |
| 3. Þekking og mikilvægi fræðslu .....                | 19 |
| 3.1. Staðan erlendis .....                           | 19 |
| 3.2. Staðan á Íslandi .....                          | 21 |
| 4. Hvaða aðstoð er í boði? .....                     | 25 |
| 4.1. Hvaða aðstoð er í boði? Hvað er til bóta? ..... | 25 |
| 4.1.1. Hagsmunasamtök .....                          | 25 |
| 4.1.2. Þjónusta ríkisins .....                       | 26 |
| 4.2. Afleiðingar lítillar þjónustu .....             | 26 |
| 4.3. Úrræði .....                                    | 27 |
| 5. Félagssráðgjöf .....                              | 28 |
| 5.1. Hlutverk félagssráðgjafa .....                  | 28 |

|   |    |
|---|----|
| 5.2. Aðkoma félagsráðgjafa að samkynhneigðu fötluðu fólki ..... | 29 |
| Umræða .....  | 31 |
| Heimildaskrá .....  | 37 |

## Inngangur

Þessi ritgerð fjallar um stöðu og sýnileika samkynhneigðs fatlaðs fólks, hvernig staða þess er erlendis og hér á landi. Markmið verkefnisins er að kanna hvernig staðan er ásamt því að athuga hvaða aðstoð er í boði fyrir samkynhneigt fatlað fólk á Íslandi. Markmiðið er einnig að skoða hvort nægileg fræðsla um fötlun og samkynhneigð sé til staðar innan íslenskra skóla, fyrir fagfólk og í samfélaginu í heild.

Rannsóknarspurningar mínar eru þrjár;

- 1. Hvaða þjónusta/aðstoð er í boði fyrir samkynhneigt fatlað fólk á Íslandi?*
- 2. Er viðeigandi fræðsla til staðar hér á landi um fötlun og samkynhneigð?*
- 3. Hvernig er aðkoma félagsráðgjafa að málefnum samkynhneigðs fatlaðs fólks?*

Ritgerðinni er skipt upp í fimm kafla. Í fyrsta kaflanum er farið yfir fræðilegan hluta. Þá er umfjöllun um fötlun og greint verður frá þrenns konar sjónarhornum/skilningi á fötlun. Því næst er fjallað um samkynhneigð í sögulegu ljósi ásamt því að reynt verður að gera því skil hvað samkynhneigð er. Greint verður frá því hvað felst í því að koma út úr skápnum og um myndun samkynhneigðrar sjálfsmyndar. Í lok fyrsta kafla verður fjallað um samspil fötlunar og samkynhneigðar, þá staðreynd að margir tilheyra báðum hópum, ásamt umfjöllun um kynverund fatlaðs fólks og þá staðhæfingu að fatlað fólk hefur verið talið kynlaust. Í öðrum kafla verða málefni samkynhneigðra fatlaðra kvenna skoðuð og rætt um að þær tilheyri ekki aðeins tveimur minnihlutahópum, heldur þremur. Þar að auki er greint frá þróun sjálfsmyndar og því ferli að koma út úr tveimur skápum, sem fötluð manneskja og samkynhneigð. Í þriðja kafla ritgerðarinnar er umfjöllun um þekkingu á þessu málefni ásamt mikilvægi fræðslu. Litið verður á stöðuna erlendis og á Íslandi. Fjórti kaflinn segir frá hvaða aðstoð er í boði fyrir samkynhneigt fatlað fólk á Íslandi, hvaða afleiðingar lítil þekking og aðstoð getur haft í för með sér ásamt stuttlegri umfjöllun um möguleg úrræði. Í fimmta kafla verður að lokum litið á hlutverk félagsráðgjafa og aðkomu þeirra að málefnum samkynhneigðs fatlaðs fólks. Í ljósi þess að lítið sem ekkert er til af íslenskum



heimildum sem tengjast samkynhneigðu fötluðu fólki verður notast við grein í tímaritinu *Gay pride 2011* sem *Porvaldur Kristinsson* ritstýrir og *Hinsegin dagar í Reykjavík* gefur út. Einnig verður stuðst við niðurstöður úr B.Ed. ritgerð sem gerð var af þeim *Birnu Óskarsdóttur* og *Helgu Björgu Pálmadóttur*.

## **1. Hvað er fötlun – Hvað er samkynhneigð?**

Fötlunarfræði er ung fræðigrein sem á upphaf sitt í Bandaríkjunum og Bretlandi. Þau rit sem fyrst komu út innan fræðigreinarinnar tengdust öll læknisfræðilegum skilningi á fötlun, þar sem fatlað fólk er talið „sjúkt“ eða „afbrigðilegt“ (Rannveig Traustadóttir, 2003). Þetta sjónarhorn hefur verið ríkjandi og svo áberandi að það hefur einkennt rannsóknir á sviði læknávisinda og tengdra sviða. Fatlað fólk var talið bera einstaklingbundinn galla og litið var á það sem persónulegan harmleik. Þetta sjónarhorn var það ríkjandi að skilningur innan félagsvísinda á fötlun var einnig smitaður af læknisfræðilega sjónarhorninu (Rannveig Traustadóttir, 2006). Það var ekki fyrr en á sjöunda áratug 20. aldar sem fyrst var farið að gagnrýna þetta sjónarhorn og sjónum beint að mikilvægi félagslegra þátta (Barnes, Mercer og Shakespeare, 1999). Vegna þess hve fötlunarfræðin er ung fræðigrein, er skilgreiningin á hugtakinu fötlun sífellt að taka breytingum. Á Íslandi hefur lengst af verið einblínt á hið læknisfræðilega sem helst tengist endurhæfingu (Mannréttindaskrifstofa Íslands, e.d.). Í lögum um málefni fatlaðs fólks er skilgreiningin sú að sá sem er með andlega eða líkamlega fötlun og þarfnast sérstakrar þjónustu eða stuðnings er fatlaður einstaklingur (Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992).

Á undanförunum áratugum hefur verið tekist á um hvernig skilgreina eigi hugtakið fötlun og hefur fatlað baráttufólk og fræðafólk innan fötlunarfræða gagnrýnt það sjónarmið sem skilgreinir vandann út frá einstaklingnum. Þess í stað bendir það á umhverfið og hefur skoðað mikilvægi félagslegra og menningarlegra þátta sem hafa áhrif á að móta líf fatlaðs fólks. Með því er einstaklingsbundnum sjónarmiðum hafnað og athyglin færð á þær hindranir sem umhverfið og samfélagið skapar (Rannveig Traustadóttir, 2005). Innan fötlunarfræða nútímans segir Rannveig Traustadóttir (2006) að: „almennt sé litið svo á að fötlun sé félagslega eða menningarlega mótað fyrirbæri, og að þannig eigi ýmsar hindranir í umhverfinu,

fordómar, staðalímyndir, efnahagslegar þrengingar og óaðgengilegar byggingar, svo dæmi séu tekin, þátt í að skapa fötlun ekki síður en [líffræðilega] skerðingin.“ (bls.23). Taka skal fram að það félagslega sjónarhorn sem er ríkjandi í hinum nýju fötlunarfræðum er sjónarhorn sem aðallega fatlað fólk sjálft hefur þróað en ekki ófatlað fagfólk og fræðimenn. Þar er einblínt á jöfn grundvallarmannréttindi. Í auknum mæli hefur fatlað fólk hafnað þeim yfirlýsingum að fötlun sé annað hvort eyðilegging, langvarandi veikindi og læknisfræðilegur sjúkdómur eða að líffræðilega skerðingin valdi takmarkaðri þátttöku (Thomas, 1999).

Ísland undirritaði *Samning sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* árið 2007. Sáttmálinn er gerður til að tryggja mannréttindi fatlaðs fólks, til fulls við alla aðra. Í honum er útfært á nákvæman hátt til hvaða aðgerða þarf að grípa til þess að ganga úr skugga um að réttindi og ákvæði samningsins séu tryggð. Ísland hefur ekki staðfest samninginn og því hafa ekki enn verið gerðar lagabreytingar á Íslandi með tilliti til hans (Helga Baldvins- og Bjargardóttir, e.d.).

### *1.1. Skilgreining/skilningur á fötlun*

Hér á eftir verður fjallað um þrjár helstu nálganir og sjónarhorn á hugtakinu fötlun. Fyrst verður gerð grein fyrir hefðbundna skilningnum frá læknisfræðilegu sjónarhorni og þar á eftir verður fjallað um tvö félagsleg sjónarhorn; norræna tengslasjónarhornið á fötlun og breska félagslega sjónarhornið á fötlun.

#### *1.1.1. Læknisfræðileg skilgreining*

Eins og komið hefur fram hefur hinn hefðbundni læknisfræðilegi skilningur á fötlun verið ríkjandi allt frá upphafi og má rekja hann til læknávisinda og heilsufélagsfræði. Þetta sjónarhorn er einnig ráðandi innan félagsvísinda og menntunarfræða. Innan þessa skilnings birtist fötlun sem andstæða heilbrigðis. Félagssfræðingurinn Talcott Parsons er einn af þeim sem ritaði um sjúkdómstengda hegðun um miðja 20. öldina og hugmyndir í hinum vestræna heimi eru ennþá litaðar af þeirri nálgun (Parsons, 1951).

Læknisfræðilegur skilningur á fötlun einkennist af því að greina líkamlegar eða andlegar skerðingar og leggur svo áherslu á að veita endurhæfingu, ráðgjöf, lækningu eða umönnun. Skerðingin er talin uppspretta flestra erfiðleika

manneskjunnar og er álitin persónulegur harmleikur. Innan þessara fræða hafa læknávisindin lagt áherslu á að finna lækningar, útrýma erfðagöllum og endurheimta „eðlilega færni“ (Rannveig Traustadóttir, 2006).

### 1.1.2. *Norræna tengslasjónarhornið á fötlun*

Norræna tengslasjónarhornið á rætur að rekja til 8. áratugarins þegar farið var að gagnrýna hinn læknisfræðilega skilning á fötlun. Þá fóru áherslurnar að líta til félagslegra þátta. Einn helsti fræðimaður Norðmanna, Jan Tøssebro (2002), talar um áhersluna á tengsl hins fatlaða fólks við umhverfi sitt. Hann nefnir að þó að mismunandi þróun á hugmyndum um fötlun viðgangist á Norðurlöndunum, eiga löndin þó það sameiginlegt að hægt sé að tala um þessa sérstöku nálgun sem hann nefnir *norræna tengslasjónarhornið á fötlun*. Tøssebro talar um þrjú meginatriði þegar kemur að nálgun á fötlun. Í fyrsta lagi er litið á að fötlun sé *misræmi milli einstaklings og umhverfis*. Það getur verið vegna þess að aðstæður umhverfis gera ekki ráð fyrir margbreytilegum aðstæðum og þörfum. Í öðru lagi er talað um fötlun sem *aðstæðubundna* og þýðir að það velti á þeim aðstæðum sem fatlað fólk hrærist í hvort skerðingin leiði til fötlunar. Því þarf fötlunin ekki alltaf að vera til staðar, ef að umhverfið leiðir ekki til þess. Sem dæmi þá er blint fólk ekki fatlað þegar það talar í síma. Í þriðja lagi talar Tøssebro um að fötlun sé *afstæð*. Hér á hann við að skilningurinn á hvaða einstaklingsbundin andleg eða líffræðileg einkenni eru skilgreind sem fötlun, er tilviljunarkenndur og oft félagslega ákvarðaður (Tøssebro, 2002).

### 1.1.3. *Breska félagslega sjónarhornið*

Breska sjónarhornið er þekktast félagslegra sjónarhorna á fötlun, m.a. vegna róttækrar endurskilgreiningar á fötlun ásamt því að vera talið umdeildasta sjónarhornið. Thomas (1999) fjallar um breska félagslega sjónarhornið og heldur því fram að það sé ekki skerðing fólks sem fatlar það eða skapi erfiðleika heldur sé fötlun afleiðing af félagslegum hindrunum samfélagsins. Upphaf hugmyndanna um breska félagslega sjónarhornið átti sér stað árið 1976 þegar samtök fatlaðs fólks *Union of the Physically Impaired Against Segregation*, gáfu út yfirlýsingu um að fólk með einhvers konar skerðingar væri fatlað af samfélaginu. Yfirlýsingin beinir

sjónum að því valdaójafnvægi sem er ríkjandi milli fatlaðs og ófatlaðs fólks (Rannveig Traustadóttir, 2006). Eitt megininkenni breska félagslega líkansins er að þar er skilgreindur munur á líffræðilega þættinum (skerðingunni) og hinum félagslega (fötluninni) (Rannveig Traustadóttir, 2003). Eins og Thomas bendir á, þá gengur félagslega sjónarhornið út á það að hafna þeirri hugmynd að skerðingin orsaki fötlunina (skerðing→fötlun) ásamt að hafna því að skerðing sé það sama og fötlun (skerðing=fötlun). Því er ekki litið svo á að fötlunin orsakist af erfiðleikum einstaklinga með skerðingar heldur er fötlunin afleiðing fyrirkomulags sem felur í sér félagslegar og samfélagslegar hindranir og takmarkar því möguleika einstaklinga með mismunandi tegundir skerðinga (félagslegar hindranir→fötlun) (Thomas, 1999). Fólk er því fatlað af umhverfi sínu, ekki af eigin skerðingu.

## 1.2. Samkynhneigð

Í þessum kafla verður fjallað um samkynhneigð. Greint verður frá því hvenær umræðan um samkynhneigð opnaðist og varð sýnileg, hvað felst í því að koma út úr skápnum og að mynda samkynhneigða sjálfsmynd, lauslegri skilgreiningu á tveimur tegundum fordóma og að lokum verður reynt að gera því skil hvað samkynhneigð er.

Notast verður bæði við orðin *hinsegin* (e. queer) *fólk* og *samkynhneigt fólk*.

Samkvæmt Samtökunum '78 (e.d.-a) flokkast lesbíur, hommar, tvíkynhneigðir og transgender fólk undir hinsegin fólk. Notast verður við bæði hugtökin, það orð sem best á við í hverju sinni.

Þegar umræðan um samkynhneigð opnaðist og kom fyrst upp á yfirborðið var talið að um sjúkdóm væri að ræða. Talið var að þennan sjúkdóm væri hægt að lækna og sýndu rannsóknir að ef einstaklingurinn væri eitthvað annað en gagnkynhneigður, þá væri hann afbrigðilegur (Guðmundur Páll Ásgeirsson, 1999). Á seinni hluta 20. aldar risu hommar og lesbíur sjálf upp og kröfuðst mannréttinda um leið og þau gerðu grein fyrir tilvist sinni. Þrátt fyrir mikla baráttu og breytingu á viðhorfum vegna aukinnar þekkingar eru fordómar ennþá til staðar. Mikilvægt er því talið fyrir fagfólk að miðla þekkingu sinni og reynslu til þess að hún verði aðgengileg öllum öðrum (Sigrún Sveinbjörnsdóttir, 2005). Flest allir vakna til vitundar um kynhneigð

sína við kynþroskaaldur. Á þeim aldri er unglíngurinn að þróa sjálfsmýnd sína og því ætti ungt fólk ekki að þurfa að líta á það sem vandamál að vera samkynhneigt. Á unglingsárunum sýna rannsóknir að einna mikilvægast er að njóta viðurkenningar og tilheyrta hópnum og er því talið nauðsynlegt að sá unglíngur sem er að átta sig á samkynhneigð sinni finni fyrir jákvæðni og að tilfinningar hans séu jafn mikils virði og annarra. Viðhorf samfélagsins er það sem vegur þýngst varðandi það hvernig einstaklingurinn tekst á við samkynhneigð sína. Samfélagið gengur í flestum tilvikum út frá gagnkynhneigð og geta því fylgt átök fyrir fólk að sætta sig við að fara út fyrir hið „venjulega“. Þegar fólk kemur út úr skápnunum með samkynhneigð sína og viðurkennir hana fyrir sjálfum sér, fjölskyldu sinni og vinum getur það upplifað blendnar tilfinningar. Rannsóknir sýna að fólk sem er að koma út úr skápnunum verður vart við samfélagslega fordóma sem geta aftrað því að fólk lifi í sátt með kynhneigð sína. Talað er um tvenns konar þætti fordóma, gagnkynhneigðarrembu (e. heterosexism) og kynhneigðarhroka (e. homophobia). Gagnkynhneigðarremba lýsir sér á þann hátt að það er alltaf gert ráð fyrir gagnkynhneigð og að hún sé æðri en samkynhneigð. Kynhneigðarhroki er sá þáttur sem er meira áberandi en gagnkynhneigðarremba og lýsir sér í neikvæðum viðhorfum og talsmáta og óraunhæfum ótta gagnvart samkynhneigð (Sigrún Sveinbjörnsdóttir, 2005). Ef samfélagið er vel upplýst og viðurkennir veruleika samkynhneigðra léttir það unglíngunum lífið þegar þeir ganga í gegnum það tímabil að átta sig á samkynhneigð sinni (Sara Dögg Jónsdóttir, 2003).

Þegar leitast er við að fá skilgreiningu á hugtakinu samkynhneigð er meðal annars talað um að samkynhneigð sé þörf fyrir tilfinningalega og kynferðislega nálægð einstaklings af sama kyni. Samkynhneigð er fyrst og fremst tilfinning, ást og líf. Kynhneigð er flókið samspil tilfinninga og ekki það sama og kynhvöt. Þegar eingöngu er einblínt á kynlíf í tengslum við samkynhneigð er um misskilning að ræða (Sara Dögg Jónsdóttir, 2003).

### *1.3. Fötlun, samkynhneigð og kynverund*

Í eftirfarandi kafla verður fjallað um kynverund fatlaðs fólks ásamt umfjöllun um að fatlað fólk hefur verið talið kynlaust. Einnig verður fjallað um þá staðreynd að það

eru margir sem tilheyra bæði hópi samkynhneigðra eða hinsegin fólks og fatlaðs fólks.

Í nútímasamfélagi er oft lögð mikil áhersla á kyn og kynhegðun. Væntingar samfélagsins eru mjög ólíkar til karla og kvenna og margt af því sem fólk segir og gerir veltur á kyni þess. Hins vegar á það oft ekki við um fatlað fólk. Í gegnum tíðina hefur fatlað fólk verið álitid kynlaust og þar af leiðandi gerir samfélagið litlar kröfur til þess þegar kemur að kynhegðun. Einblínt hefur verið á skerðinguna sjálfa og eru kröfur samfélagsins gerðar í tengslum við hana og hegðun fatlaðs fólks (Mekkosha, 2004). Í því samhengi að fatlað fólk hafi verið talið kynlaust hefur verið lögð áhersla á að verja það fyrir „fullorðinshegðun“ sem gæti skaðað það. Fötluð börn og ungmenni eru talin fá litla fræðslu um kynheilbrigði eða rétt þeirra til að vernda eigin líkama. Í raun hefur fatlað fólk verið stimplað sem kynlaust og meinlaust ef það sýnir ekki fram á kynferðislegar langanir. Saga hinsegin samfélagsins er að mörgu leyti lík sögu fatlaðs fólks. Hinsegin fólk hefur einnig horfst í augu við þá staðreynd að kynhneigð þess sé talin hættuleg og hefur heimur læknávisindanna litið á kynhneigð þeirra sem eitthvað sem heimurinn þarf að „laga“. Þrátt fyrir árangur í réttindabaráttu beggja hópa sýna rannsóknir að fólk sem vinnur með fötluðu fólk gerir oft einungis ráð fyrir gagnkynhneigð. Um leið eru margir innan hinsegin samfélagsins sem gera sér ekki grein fyrir tilvist fatlaðs fólks innan þess samfélags. Staðreyndin er sú að margir tilheyra bæði hópi hinsegin fólks og fatlaðs fólks (Whitney, 2006).

Eins og áður hefur verið nefnt þá fer ungt fólk yfirleitt að átta sig á kynhneigð sinni í kringum kynproskaskeiðið og það sama á við um fötluð ungmenni. Það að vera kynvera er hluti af hverjum og einum einstaklingi og snýst ekki eingöngu um kynlífsathafnir. Kynverund vísar til grundvallareiginleika manneskjunnar, svo sem kynhneigðar, kynvitundar, tilfinninga og frjósemi. Kynverund manneskjunnar fær hana til þess að leita eftir ást, hlýju og alúð og er hún látin í ljós með ýmsum hætti, svo sem hugsunum, löngunum, tilfinningum og látbrögðum í samskiptum við aðra. Eins og fram kemur í meistararitgerð Maríu Jónsdóttur (2010): „mótast kynverund í samspili líffræðilegra, sálrænna, félagslegra, hagfræðilegra, siðfræðilegra, trúarlegra og menningarlegra þátta.“ (bls.12). Yfirleitt er ekki gert ráð fyrir því að

fatlað fólk eigi í ástarsambandi eða finni til nándar heldur er fremur lögð áhersla á að taka þurfi tillit til hugsanlegra hvata sem eru til staðar en að skerðing einstaklingsins standi í vegi fyrir færninni og fullnægi henni því ekki algjörlega af sjálfsdáðum. Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að fatlað fólk sé stöðugt minnt á afleiðingar þess að stunda kynlíf, til dæmis þegar kemur að barneignum og arfgengni skerðinga. Þessar staðhæfingar geta haft í för með sér að einstaklingar bæli niður kynverund sína. Tom Sheakspeare hefur fært rök fyrir því að fordómar og staðalímyndir spili stóran þátt í því að fatla félagsleg tengsl, sérstaklega þegar um er að ræða ást og kynlíf. Áherslan á að fötlun sé læknisfræðilegur harmleikur verður því ríkjandi og óásættanleg. Í nútíma vestrænu samfélagi er litið svo á að grundvallarundirstaða þess að verða fullorðinn sé þegar fólk verður kynferðislega virkt. Fötlðu fólk hefur verið líkt við börn og því er stöðu þess sem virkum manneskjum hafnað og þar með gert lítið úr kynhneigð þess. Að sama skapi er þessu snúið við á þann hátt að forsenda kynleysis virðist stuðla að lítilsvirðingu við fatlað fólk (Shakespeare, 1999).

Fötlun og samkynhneigð hlýtur því að teljast flókið samspil þegar samfélagið gerir ráð fyrir því að fatlað fólk sé kynlaust og þar af leiðandi ekki með neina kynhneigð. Í viðtali við Emblu Ágústsdóttur, íslenska unga fatlaða lesbíu, talar hún um að: „það sé engin krafa gerð til fatlaðs fólks um að uppfylla ákveðin kynhlutverk en aðrar konur eiga aftur á móti að vera kvenlegar og aðrir karlar eiga að sýna karlmennsku. Það er frekar gerð krafa um kynleysi og það þykir bara óviðeigandi að fatlaðar konur sýni kvenleika.“ (Íris Ellenberger, 2011). Einnig talar hún um að víða erlendis séu hópar samkynhneigðs fatlaðs fólks að berjast fyrir því að vera viðurkenndir innan beggja hópa. Hún greinir frá því að ekki sé erfitt að vera kona, fötlud eða samkynhneigð, heldur sé það samfélagið sjálft sem gerir það erfitt, náttúran sé ekki vandamálið, heldur samfélagið.

## 2. Samkynhneigðar fatlaðar konur

Hér á eftir verður fjallað um viðtal við íslenska fatlaða lesbíu og greint frá reynslu hennar. Einnig verður fjallað um að samkynhneigt fatlað fólk tilheyri tveimur minnihlutahópum og að fatlaðar lesbíur skilgreinist innan þriggja minnihlutahópa. Þar að auki verður greint frá myndun og þróun samkynhneigðrar fatlaðrar sjálfsmýndar og kenningum og rannsóknum tengdum því. Að lokum er umfjöllun um ferli og mikilvægi þess að koma út úr báðum skápunum, sem fötluð og samkynhneigð manneskja.

### 2.1. *Ég er ung, samkynhneigð fötluð kona*

Í fyrrgreindu viðtali við Emblu Ágústsdóttur greinir hún frá því að fólk trúði því ekki að hún væri samkynhneigð því það gerði ráð fyrir að hún gæti ekki vitað það. Í hugum fólks á hún ekki að vera kynvera, hvað þá samkynhneigð. Hún upplifði þó ekki að fólk segði það við hana beint og leggur um leið áherslu á að skilaboð til fatlaðs fólks séu oft óbein. Embla fjallar um að henni hafi ekki þótt erfitt að vera samkynhneigð en hún hafi upplifað hræðslu gagnvart viðhorfum samfélagsins, því hún var meðvituð um að kynhneigð hennar sem fötluð kona væri ekki viðurkennd. Einnig talar hún um að hún hafi alltaf vitað að hún væri samkynhneigð, því henni þótti það svo sjálfsagt að konur væru fallettri en karlar, að hún skilgreindi sjálfa sig aldrei sem hinsegin eða öðruvísi. Hún segir: „Ég finn fyrir því að það eru miklu minni fordómar gagnvart fötluðu fólki í löndum þar sem það hefur háð háværa baráttu fyrir réttindum sínum. Þess vegna er áhugavert að skoða baráttuna út frá réttindabaráttu samkynhneigðra. Vandinn er nefnilega sá sami. Fatlað fólk er álitð vera á lægra plani en aðrir og það á einnig við um samkynhneigða.“ (Íris Ellenberger, 2011, bls. 48). Embla segir að rót vandans sé sú að fólk trúði því að það sé ömurlegt að vera fatlaður, því ef að litið væri á fötlun sem eðlilegan hluta af samfélaginu þá myndi það leysa mörg þeirra vandamála sem við glímum við. Eins og áður hefur komið fram staðfestir Embla að staðreyndin sé sú að fötlun sé ekki meðfædd, heldur sé það samfélagið sem skapi hana með því að viðhalda ákveðnum hindrunum og viðhorfum. Ef hægt er að skapa viðhorf, þá er einnig hægt að breyta þeim því það sé auðveldara en að laga líffræðilegar skerðingar (Íris Ellenberger, 2011).



## 2.2. *Samþætt mismunun*

Þegar litið er til þess hóps sem tilheyrir tveimur minnihlutahópum og í umræddu tilviki, hópi fatlaðs fólks og samkynhneigðra geta fordómar á milli þessara tveggja hópa verið til staðar. Í viðtalinu við Emblu segist hún hafa tekið eftir því hversu miklir fordómar ríkja á milli ákveðinna minnihlutahópa eftir að hún kom út úr skápnunum. Hún segir: „Bæði fatlað fólk og samkynhneigðir virðast hafa nokkra fordóma gagnvart samkynhneigðu fötluðu fólki. Þau virðast hafa þörf fyrir að halda uppi ákveðinni ímynd innan hópsins. Innan hóps fatlaðs fólks er það álitnið skemma ímyndina ef einhver er samkynhneigður og á móti þykir það skemma ímynd hóps hinsegin fólks að þar sé einhver fatlaður.“ (Íris Ellenberger, 2011, bls. 47). Einnig fjallar hún um að fólk haldi að meira umburðarlyndi sé innan minnihlutahópa gagnvart hlutskipti annarra minnihlutahópa en svo sé greinilega ekki.

Í bók um frásagnir fatlaðra kvenna greinir fötluð lesbísk kona frá hversu mikilvægt það sé fyrir fólk í sömu stöðu og hún að „koma út“ bæði hvað varðar kynhneigð þess og fötlun. Það sé mikilvægt svo samfélagið sé meðvitað um að þessi hópur sé til og hafi réttindi í heild, ekki aðeins í samfélagi hinsegin fólks eða í samfélagi fatlaðs fólks (Field, 2010). Til eru dæmi þar sem fólki finnst það ekki tilheyra neinu samfélagi og kemst Douchette svo að orði: „Það er litið á okkur og við lítum á okkur, sem öðruvísi, sem utanaðkomandi – utan þess hefðbundna, hafnað af samfélagi fatlaðs fólks, útilokað frá lesbíska heiminum. Við höfum ekkert samfélag fyrir okkur sjálfar.“ (Whitney, 2006, bls. 40).

Ef farið er dýpra í efnið er í raun hægt að segja að lesbískar fatlaðar konur tilheyrir þremur minnihlutahópum. Litlar rannsóknir og fá úrræði gera það að verkum að fatlaðar hinsegin konur lúta oft í lægra haldi en karlar gagnvart samfélaginu. Þær geta upplifað kynjamismunun og takmarkaða atvinnumöguleika. Þar að auki hafa áskakanir um kynleysi fatlaðra kvenna verið áberandi (Whitney, 2006). Margar rannsóknir hafa sýnt að afleiðingar fötlunar geta verið alvarlegar fyrir konur. Ástæðan er sú að þeim er mismunað á tvo vegu – vegna kyns (e. gender) og fötlunar og geta því átt erfiðara en fatlaðir karlar með að fá aðgang að heilbrigðismálum, atvinnuendurhæfingu og menntun (Kim, 2010). Einnig hafa

rannsóknir um kynjaðar fötlunarfræðirannsóknir sem gerðar hafa verið í iðnríkjum hins vestræna heims m.a. sýnt fram á eftirfarandi mynstur:

- Fatlaðar ungar konur eru líklegri til þess að afla sér minni menntunar en fatlaðir ungir karlar.
- Fatlaðar konur eru líklegri til að upplifa það sem hættulegt og ógnandi að vera innan um almenning en fatlaðir karlar.
- Fatlaðar konur eru ólíklegri til að gifta sig en fatlaðir karlar.
- Fatlaðar konur eru líklegri til að upplifa kynferðislegt ofbeldi í samböndum og innan stofnana en fatlaðir og ófatlaðir karlar.
- Fatlaðar konur eru líklegri en fatlaðir karlar til að vera álitnar annað hvort ofkynferðislegar (e. *hypersexual*) og stjórnlausar eða algjörlega kynlausar.

(Meekosha, 2004).

### 2.3. Myndun sjálfsmyndar

Í eftirfarandi kafla verður aðallega litið til þeirra þátta sem ungt fólk gengur í gegnum þegar það myndar og þróar samkynhneigða sjálfsmynd.

Samkynhneigðar fatlaðar konur þurfa oft að horfast í augu við hindranir þegar kemur að kynhneigð þeirra, sem ófatlaðar konur þurfa ekki að gera. Tom Shakespeare hefur gert rannsóknir sem lúta að mismunandi sjálfsmyndum (e. identity). Hann skoðaði þróun sjálfsmyndar hjá þeim sem urðu fatlaðir eftir að þeir skilgreindu sig hluta af samfélagi hinsegin fólks, ásamt þeim hópi sem skilgreindi sig sem fatlaðan áður en hann tilheyrði samfélagi hinsegin fólks. Rannsóknir hans sýna að flestir einstaklingar skilgreina sig fremur innan þess hóps sem þeir fyrst skilgreindu sig innan. Til dæmis ef kona verður fötluð eftir að hafa skilgreint sig sem lesbíu í tíu ár, þá er hún líklegri til þess að líta svo á að lesbíska samfélagið sé hennar aðal stuðningshópur og innan þess sé hennar sjálfsmynd (Whitney, 2006).

Í rannsókn sem gerð var árið 2006 er spurt hvort til séu hugmyndir/kenningar um þróun sjálfsmyndar sem geta bæði útskýrt þróun sjálfsmyndar hinsegin- og fatlaðs fólks. Í rannsóknarviðtölunum var lögð áhersla á hvernig hinsegin fatlaðar konur þróa sjálfsmynd sína og hvort hægt sé að nota eina kenningu/hugmyndafræði til

útskýringar bæði á þróun sjálfsmýndar fatlaðs fólks og á þróun kynhneigðar fólks. Talað er um að víxlverkandi líkön séu líklegust til að útskýra þróun sjálfsmýndar á meðal hinsegin fatlaðra kvenna. Kenning Eliason (1996) um þróun lesbískrar sjálfsmýndar er víxlverkandi sem getur einnig útskýrt þróun sjálfsmýndar hjá fötluðu fólki. Eliason færir rök fyrir þróun sjálfsmýndar og fjallar um að það sé ferli sem byggist á fjórum stigum; for-sjálfsmýnd (*e. pre-identity*), upprennandi sjálfsmýnd (*e. emerging identities*), upplifun og uppgötvun undirokunar (*e. experiences and recognition of oppression*) og endurmat/vöxtur sjálfsmýndar (*e. reevaluation/evolution of identities*). Þessar kenningar Eliasons um þróun lesbískrar sjálfsmýndar svipar til líkans Gill (1997) um þróun fatlaðrar sjálfsmýndar. Gill einblínir á mikilvægi víxlverkunar sjálfsins í myndun sjálfsmýndar og sýnir fram á fjölpæpa, ólínulaga líkan fyrir myndun sjálfsmýndar á meðal fatlaðra einstaklinga. Hin fjögur atriði Gill um þróun sjálfsmýndar fela í sér; upplifun af að tilheyra (*e. coming to feel we belong*), að koma heim og saman (*e. coming home*), að koma til sjálfs síns (*e. coming together*) og að koma út (*e. coming out*). *Að finnast við tilheyra* beinir sjónum að viðurkenningu vanlíðunar. *Að koma heim og saman* einblínir á upphafssamband við aðra fatlaða einstaklinga og uppgötvun þess að viðkomandi sé ekki einn. *Að koma til sjálfs síns* útskýrir Gill sem ferli þess að samþætta heild sjálfs síns og að yfirgefa ákveðnar tilvísanir sem lúta að líkama. Að lokum fjallar *að koma út* um aðlögun okkar á ytri og innri framsetningu á okkur sjálfum eða með öðrum orðum að vera stoltur að því sem við erum (Whitney, 2006). Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að bæði líkönin gátu höfðað til þróunar sjálfsmýndar hjá samkynhneigðu fötluðu konunum sem tóku þátt í rannsókninni. Líkönin tengjast bæði á þann hátt að hvert þeirra endurspeglar mismunandi stig þróunar sjálfsmýndar, jafn vel fyrir þá fjölbreyttu hlið sjálfsmýndar hvers og eins, eins og sjálfsmýnd hinsegin og fatlaðs fólks. Þrátt fyrir þetta getur hver og einn verið á mjög mismunandi stigi sjálfsmýndar sinnar. Niðurstöður sömu rannsóknar leiddu í ljós að sumar þeirra kvenna sem tóku þátt áttu í meiri erfiðleikum með að sætta sig við og þróa jákvæða sjálfsmýnd í tengslum við þá skerðingu sem þær höfðu. Meðal annars kom í ljós að þrátt fyrir snemmtækan skilning á réttri sjálfsmýnd sinni, var oft ekki tekist á við hana fyrr en mun síðar á ævinni, jafnvel þegar langt var liðið á fullorðinsaldurinn. Ástæðan gæti

verið í tengslum við þá staðreynd að konurnar upplifðu kynhneigð sína sem jákvæðan hluta sjálfsmyndar sinnar en litu aftur á móti á fötlun sína sem neikvæðari hluta (Whitney, 2006). Þvert á niðurstöður þessarar rannsóknar greinir fötluð lesbía frá því í bókinni *Restricted Access: Lesbians on Disability* þegar hún sem fötluð kona var að koma út úr skápnum á sjöunda áratug síðustu aldar og upplifa sitt fyrsta ástarsamband við konu, hafi hún aldrei litið á skerðingu sína sem vandamál í sambandi þeirra. Hennar helsta vandamál var að sætta sig við líkama sinn í tengslum við „kvenleika“ og þá hræðslu og skömm sem hún upplifði vegna kynhneigðar sinnar. Ber þó að hafa í huga þær viðhorfsbreytingar sem átt hafa sér stað síðan á þessum tíma (Raffo, 1999).

Í rannsóknum sem snúa að sjálfstrausti og samkynhneigð kemur fram að þeir einstaklingar sem hafa heilbrigða og trausta sjálfsmynd eiga oft auðveldara með að koma út úr skápnum með samkynhneigð sína (Sigrún Sveinbjörnsdóttir, 2005). Sterk sjálfsmynd getur verið grunnur þess hvernig einstaklingur fetar sig í framtíðinni. Þróun sjálfsmyndar hefur verið rannsökuð og er talið að upphaf myndunar sjálfsmyndar felist í því að einstaklingurinn taki viðmið og gildi foreldra/forráðamanna sem hið eina rétta. Þegar unglingurinn hefur svo gengið í gegnum sjálfsskoðun kemst hann þó að sinni eigin sannfæringu, gildum og viðhorfum. Talið er að unglingurinn þurfi að fá tækifæri til þess að fara í gegnum sína eigin sjálfsmyndarleit og að sjálfsmyndin leggi grunn að því hversu sáttt við erum með okkur sjálf. Öll þessi atriði móta sjálfsmynd hvers og eins og leggja grunn að því hversu skýr skilaboð við gefum um það sem við viljum (Berger, 1988) Viðbrögð unglunga sem eru að átta sig á samkynhneigð sinni geta verið misjöfn og er því mikilvægt að hafa sterka sjálfsmynd. Í þessu ferli geta komið upp tilfinningar eins og reiði, sorg, afneitun. Meðal þeirra erfiðleika sem ungt fólk getur gengið í gegnum er að lenda í félagslegum og sálrænum vanda og er því stór hluti af myndun sjálfsmyndarinnar að hafa fyrirmyndir. Ef einstaklingur hefur engan sem hann getur mátað sig við getur því, eins og fram hefur komið, orðið erfiðara að byggja upp trausta sjálfsmynd (Sigtryggur Jónsson, 1993). Talið er að siðferðisleg viðmið séu mikilvæg þegar ungt fólk er að átta sig á kynhneigð sinni og er talað um tvennt sem skiptir mestu máli hvað varðar jákvæða sjálfsmynd: Hvernig

tíðarandinn er hverju sinni sem mótar jákvæðar og neikvæðar fyrirmyndir og svo þær fagstéttir sem vinna með ungu fólki (Ólafur Páll Jónsson, 2005).

#### 2.4. *Að koma út úr báðum skápum*

Hin almenna skilgreining á því hvað það er að vera fatlaður mótast oft af þeim skilningi sem samfélagið hefur á hverjum tíma. Þar hefur fólk tilhneigingu til að ganga út frá ákveðinni fyrirframgefinni hugmynd um hvað sé heilbriggt og eðlilegt og sem næst ákveðinni staðalímynd (Riddell og Watson, 2003). Fatlað fólk áttar sig á því að það er öðruvísi og finnur fyrir fordómum þegar það upplifir félagslega og menningarlega undirokun (Watson, 2003). Óskir fatlaðs fólks um sjálfstætt og eðlilegt líf felast ekki í því að eltast við ákveðna staðalímynd eða að „vera eins og allir hinir“, heldur að skilgreina sig á sinn máta, á sínum forsendum og að „koma út“ sem fötluð manneskja. Þegar fatlað fólk tekur ákvörðun um að skilgreina sig tekur það meðvitaða afstöðu gegn þeim skilaboðum sem samfélagið sendir um aðgreiningu fatlaðs fólks frá ófötluðu fólki, á þeim forsendum að hún sé *fatlandi*. Það ferli að „koma út“ fyrir fatlað fólk felst í því að líta jákvæðari augum á eigin skerðingu, afneita ríkjandi myndum um hvað sé eðlilegt og óeðlilegt og að endurskilgreina verufræðilegan skilning á eigin tilveru. Með þessu lítur fólk á skerðingu sína sem gildan þátt í eigin sjálfsmynd (Swain og Cameron, 1999).

Hugtakið „að koma út“ tengja flestir við hinsegin fólk. Hugtakið er komið úr heimi samkynhneigðra en síðar meir hafa ýmsir fleiri hópar notast við það og getur það því einnig vísað til fatlaðs fólks. Í rannsókn sem gerð var lýsir fatlaður karlmaður því sem svo að fatlað fólk hafi barist fyrir réttindum sínum með því að yfirgefa stofnanir og hafi það markað upphaf þess að fatlað fólk „komi út“. Hann segir að fatlað fólk hafi komið út úr líkamlegum og sálrænum fangelsum inn í kraftmikið persónulegt og pólitískt ljós. Hugtakið vísar til þess ferlis að fara frá sjálfs-kúgun yfir í sjálfs-virðingu. Af þessu er hægt að álykta að það sé sambærilegt að „koma út“ fyrir hinsegin og fatlað fólk. Í báðum tilvikum snýst það um að krefjast jafnréttis, berjast fyrir mannréttindum og að berjast gegn mismunun. Um leið snýst hugtakið um að sætta sig við stöðuna og elska sjálfan sig eins og maður er en ekki eins og hið félagslega „norm“ vill að við séum (Corbett, 1994). Í frásögn fatlaðrar lesbíu talar hún um hversu mikilvægt það er fyrir homma og lesbíur með fötlun að „koma

út“ bæði hvað varðar fötlun þeirra og kynhneigð. Hún segir að þegar fólk tekur ákvörðun um að horfa á fötlun sína sem hluta af því sem það er og vera meðvitað um styrkleika og hæfileika, sé það hluti af því að „koma út“. Einnig talar hún um hversu mikilvægt það er fyrir fatlaðar lesbíur að koma út, bæði vegna kynhneigðar sinnar og fötlunar. Með þeim hætti áttar samfélagið sig á því að þessi hópur er til og á sinn rétt innan samfélagsins, ekki aðeins sem hluti fatlaða samfélagsins eða hins lesbíska (Field, 2010).

### 3. Þekking og mikilvægi fræðslu

Í eftirfarandi köflum verður leitast við að kanna stöðu viðeigandi fræðslu, bæði innan veggja skólanna og í samfélaginu sjálfu. Þegar talað er um viðeigandi fræðslu er átt við fræðslu sem lýtur að fötlun og öllu sem tengist fötluðu fólki og fræðslu um hinsegin fólk. Skoðað verður hvort opin umræða og þekking sé til staðar á meðal kennara, foreldra og fagfólks. Fyrst er leitast við að líta á stöðuna erlendis og svo er litið á stöðuna hér á landi. Að lokum verður fjallað um hvers vegna viðeigandi fræðsla er mikilvæg fyrir alla, bæði börn og fullorðna.

#### 3.1. Staðan erlendis

Það var á sjötta áratug síðustu aldar að viðurkenning kynferðislegrar tjáningar fólks með þroskahömlun fór að líta dagsins ljós. Framan af einkenndist viðhorf til kynverundar fólks með þroskahömlun af neikvæðni og kúgandi afstöðu. Með tilkomu normaliseringar og afnámi stofnanavæðingar var fyrsta skrefið tekið í átt að réttindum og uppgötvun þessa þáttar. Sett var af stað kynfræðsla á mörgum stöðum fyrir fólk með þroskahömlun og foreldra þess. Þrátt fyrir að viðhorf til kynverundar fatlaðs fólks sé jákvæðara nú til dags, eru upplýsingar um raunverulega þekkingu og reynslu fatlaðs fólks að miklu leyti ófáanlegar (McCabe, 1999). Í lítilli rannsókn sem var framkvæmd af Edmonson og Wish (1975) á áttunda áratug síðustu aldar kom í ljós að þriðjungur þátttakenda, sem var fatlað fólk, taldi að sjálfsfróun og kynmök væru röng og þá sérstaklega samkynhneigð. Í annarri rannsókn sem síðar var gerð sýndu niðurstöður annars vegar að fólk með væga þroskahömlun sem bjó úti í samfélaginu hafði jákvætt viðhorf í garð sjálfsfróunar, stefnumóta og gagnkynhneigðra athafna eins og faðmlaga og kossa. Niðurstöðurnar leiddu hins vegar í ljós að allir þátttakendur af báðum kynjum báru neikvætt viðhorf til samkynhneigðar. Niðurstöður úr rannsókn sem gerð var mun seinna leiddu einnig í ljós að þrátt fyrir jákvæðara viðhorf fólks með þroskahömlun til kynmaka, hafði aðeins helmingur þátttakenda jákvætt viðhorf til sjálfsfróunar, munmaka og samkynhneigðar (Timmers, DuCharme og Jacob, 1981; McCabe og Cummins, 1996). Töluvert hefur verið um rannsóknir sem beinast að fólki sem fatlast seinna á ævinni, þá einkum fólki sem hefur slasast og hlotið líkamlega skerðingu. Þrátt fyrir að fólk sé í meira mæli meðvitað um kynferðislega þörf og

tjáningu fatlaðs fólks sendir samfélagið skilaboð um að slík tjáning sé ekki viðeigandi. Staðreynd lítillar reynslu fatlaðs fólks af kynlífi segja sumir fræðimenn að sé vegna skorts á fræðslu frá foreldrum, kennurum og samfélaginu í heild. Til þess að fatlað fólk geti þekkt og sætt sig við tilfinningalega og kynferðislega þörf sína verður viðeigandi fræðsla að vera til staðar (McCabe, 1999). Þegar talað er um viðeigandi fræðslu er átt við að fólk sem eingöngu er með hreyfihömlun þarf öðruvísi fræðsluefni en fólk með þroskahömlun sem getur þurft sérútbúið, einfaldað kennsluefni. Umræða í ritgerð sem bar saman kynferðislega hætti fólks með hreyfihömlun annars vegar og fólks með þroskahömlun hins vegar sýndi fram á mun þar á milli. Helsti munurinn var sá að mun neikvæðara viðhorf er til kynlífs fólks með þroskahömlun (McCabe, 1999).

Rannsókn sem gerð var í kringum síðustu aldamót um kynferðislega þekkingu, reynslu og tilfinningar meðal fatlaðs fólks (McCabe, 1999) sýnir fram á minni þekkingu á meðal fólks með þroskahömlun heldur en ófatlaðs fólks. Fatlað fólk hefur mikla þörf fyrir að upplifa það að fara á stefnumót, nánd og kynferðislegar upplifanir. Þrátt fyrir það hefur það neikvæðar tilfinningar um kynferði og er talið að það sé vegna lítillar þekkingar og takmarkaðra tækifæra fyrir viðurkenningu kynferðislegrar tjáningar fatlaðs fólks. Þrátt fyrir þessar niðurstöður höfðu þátttakendur rannsóknarinnar verið frá svæðum þar sem áhersla hafði verið lögð á kynfræðslu fyrir fatlað fólk. Af þessum niðurstöðum má ætla að brýn þörf sé á því að bæta þekkingu á kynfræðslu fatlaðs fólks. Niðurstöðurnar leiddu einnig í ljós að helmingur þátttakenda hafði enga kynfræðslu fengið. Rannsakendur fjalla um ástæðu þess hvers vegna rannsóknin sýndi að fatlað fólk fær stærstan hluta þekkingar sinnar í gegnum aðra en fjölskyldu og vini. Það leiðir í ljós að fatlað fólk fái þekkingu sína aðeins í gegnum fjölmiðla eða kynfræðslutíma og má því ætla að umræðan innan fjölskyldu fatlaðs fólks um allt sem lítur að kynfræðslu sé lítil og eru því minni líkur á að fatlað fólk ræði kynferðislegar tilfinningar, hugsanir og þarfir sínar við aðra. Vegna þess hve umræðan er lítil er hætta á því að fatlað fólk geti ekki fengið „staðfestingu“ frá fjölskyldu og vinum á þeirri þekkingu sem það fær til dæmis í gegnum fjölmiðla. Þar að auki er umræðuefnið í heild sinni ólíklegt til þess að vera eðlilegt vegna þess að það er ekki rætt og það getur haft í för með



sér neikvæð skilaboð til fatlaðs fólks um kynverund þess og kynhneigð (McCabe, 1999).

Í niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar McCabe (1999) fjallar hún um að það sé klárt að þörf er á að þróa kynfræðsluefni í átt til hins betra og að það höfði til þarfar bæði fólks með þroskahömlun og hreyfihömlun. Það liggur ljóst fyrir að fötluðu fólki er neitað bæði um þekkingu og tækifæri til að tjá sínar kynferðislegu þarfir.

### 3.2. Staðan á Íslandi

Í lögum um grunnskóla kemur fram að kennsla og nám ásamt starfsháttum megi ekki mismuna nemendum á grundvelli uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti (Lög um grunnskóla nr.91/2008). Orðinu „kynhneigð“ var ekki bætt inn í lögin fyrr en árið 2008. Gildandi aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla hafa allar lítið fjallað um kynhneigð eða málefni hinsegin nemenda, foreldra eða kennara. Hefur þó orðinu „kynhneigð“ verið bætt inn í við ýmsar upptalningar núgildandi námskrá grunnskóla. Einnig kemur fram í *Aðalnámskrá grunnskóla*, siðareglum Kennarsambandsins (2002) og siðareglum Háskóla Íslands (Háskóli Íslands, e.d.-a) að starfshættir eigi að mótast af virðingu og ber kennurum að hafa jafnrétti allra nemenda að leiðarljósi. Í *Aðalnámskrá grunnskóla* sem gefin er út af Menntamálaráðuneytinu (2011) segir: „að grunnskólar eigi að taka við öllum börnum hvernig sem á stendur um atgervi þeirra til líkama og sálar, félagslegt og tilfinningalegt ásigkomulag eða málþroska. Þetta á við um fötluð börn og ófötluð, afburðagreind og greindarskert og allt þar á milli, börn úr afskekktum byggðarlögum, börn úr minnihlutahópum sem skera sig úr hvað varðar mál, þjóðerni eða menningu.“ Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á Íslandi um viðhorf stjórnenda og kennara en niðurstöður þeirra hafa allar bent á að viðhorf þeirra endurspegli hefðbundinn læknisfræðilegan skilning á fötlun. Erfitt getur þótt fyrir kennara að standast þau markmið sem reglur skólanna hafa sett vegna þeirra neikvæðu viðhorfa til einstakra samfélagshópa sem viðgangast í samfélagi okkar (Kristín Elva Viðarsdóttir og Sif Einarsdóttir, 2006).

Í rannsókn sem gerð var hér á landi af þeim Kristínu Elvu Viðarsdóttur og Sif Einarsdóttur (2006) var kannað hvort skipulögð fræðsla gerði viðhorf grunnskólakennara til sam- og tvíkynhneigðar jákvæðara. Í ljós kom að fræðslan hafði góð áhrif og urðu viðhorf kennaranna betri en þau höfðu verið áður en þeir fengu skipulagða fræðslu um sam- og tvíkynhneigð. Mikill skortur virðist vera á fræðsluefni innan veggja grunnskólanna en töluvert hefur þó verið samið af kennsluefni um samkynhneigð á síðustu árum en það veltur allt á kennurunum sjálfum hversu mikið fjallað er um mismunandi kynhneigðir. Telja þær Kristín Elva og Sif að gagnkynhneigð virðist því vera eina kynhneigðin sem birtist í kennslubókum og þar af leiðandi gefur það frá sér þau skilaboð að hún sé eina eðlilega kynhneigðin (2006). Talið er að sam- og tvíkynhneigð skorti sýnileika í skólum á Íslandi og eins og Sigrún Sveinbjörnsdóttir segir í viðtali hjá Morgunblaðinu (2008): „Sýnileikinn þarf að vera meira en kafli í kynfræðslubók eða ein kennslustund í lífsleikni. Samkynhneigð og samkynja fjölskylduform þurfa að sjást í kennsluefni í sem flestum fögum og vera sýnileg í stefnu skólanna, gögnum og bókasöfnum.“ (13.mars). Þegar þeirra spurninga er spurt hvers vegna kynhneigð og málefni hinsegin hópa var síður á dagskrá en málefni ýmissa annarra minnihlutahópa vísa fræðimenn á það hugtak sem nefnist *stigveldi* (e. hierarchy of differences). Með því er átt við að málefni sem snúa að félagslegu réttlæti innan menntakerfisins verða ósýnileg. Ferfolja (2007) segir að skólakerfið geri oft ráð fyrir gagnkynhneigð og þess vegna séu ekki gerðar neinar ráðstafanir vegna þess eða að óþarfi sé að taka tillit til þess að marka stefnuna gagnvart þessum hópi.

Í rannsókn sem gerð var af Jóni Ingvari Kjaran og Ingólfi Ásgeiri Jóhannessyni (2010) um gagnkynhneigðarrembu (e. heterosexism) í íslenskum framhaldsskóla kom í ljós að orðræðan innan veggja framhaldsskólans, ásamt öllu umhverfi og samkiptum hafi verið gagnkynhneigð. Einnig kom fram að skilningsleysi í garð hinsegin nemenda viðgekkst ásamt skorti á fyrirmyndum. Í annarri rannsókn þar sem námsbækur í samfélagsfræði á yngsta stigi grunnskóla voru innihaldsgreindar með tilliti til birtingarmyndar samkynhneigðar kom í ljós að hvergi er fjallað um samkynhneigð eða ólíkar fjölskyldugerðir í námsbókunum. Námbækurnar gáfu sjaldnast tækifæri fyrir kennara til að taka upp umræðu um aðra kynhneigð en

gagnkynhneigð. Alls staðar er gengið út frá gagnkynhneigð í þeim 13 bókum sem höfundar greindu (Birna Óskarsdóttir og Helga Björg Pálmadóttir, 2006).

Þegar reynt er að finna upplýsingar um hvort fötluð börn og unglingar á Íslandi fái viðeigandi kynfræðslu sem lýtur að fjölbreytileika er lítið af efni. Ekki er þá átt við þá kynfræðslu sem aðeins ófötluð börn geta samsamað sig við heldur hvort í boði sé aðgengileg fræðsla sem sýnir allar tegundir af líkama, kynhneigð og stöðu. Má sjá dæmi um lítinn fjölbreytileika í kynfræðslu í frásögn Freyju Haraldsdóttur (2007) en hún kemst svo að orði um kynfræðsluna sem hún fékk í sínum grunnskóla:

Þegar okkur var kennt um mannlíkamann birtust myndir á töflunni af „hefðbundnum“ líkama – þessum fullkomna. Ég horfði á hann og hafði engan áhuga á að vita hvar hin og þessi líffæri væru staðsett, hvernig kynfærin virkuðu og hvað bæri að varast í kynlífi. Það var ekki verið að tala um mig og hvers vegna átti ég þá að hlusta? Þessi líkami var ekki eins og minn og ekki var svo mikið sem minnst á að mannlíkamar væru mismunandi. Ég fann enga samsömun og fór að trúá því með tímanum að maki og kynlíf væri ekki fyrir mig. Fatlaðar konur, ef konur skyldi kalla, áttu greinilega ekki rétt á að vera kynverur (bls.165).

Ás styrktarfélag setti á stofn þekkingarsetur um félagstengsl og kynímynd árið 2007. Markmið setursins segir María Jónsdóttir (2011), ein af stofnendum setursins vera: „að skapa aðgengilegan og virkan upplýsingabrunn fyrir einstaklinga með þroskahömlun, aðstandendur og starfsfólk um þætti er varða sjálfsefningu og kynverund.“ (bls. 46). Meðal þeirra verkefna sem þekkingarsetrið vinnur að er að stuðla að útgáfu á auðlesnu og myndrænu efni, safna saman fræðslu- og kennsluefni á einn stað ásamt því að miðla upplýsingum til einstaklinga, aðstandenda og fagfólks (María Jónsdóttir, 2011). Einnig stendur setrið fyrir námskeiðum fyrir þessa hópa. Meðal þeirra námskeiða sem í boði eru er kynfræðsla fyrir konur og karla 18 ára og eldri þar sem meðal annars er haldin fræðsla um líkama kvenna og karla, móðurlífið og starfsemi þess, kynheilbrigði, kynhvöt, hreinlæti og hvaða reglur gilda í kynlífi. Einnig er námskeið um kynfræðslu, samskipti og *Internetið* sem ætlað er börnum á aldrinum 12-17 ára. Þar er fræðsla og umræða um kynþroska, sjálfsmynd, kynheilbrigði, ástina, kynlíf, getnaðarvarnir og kynsjúkdóma ásamt samskiptum á *Internetinu*, *MSN* og

*Facebook*. Einnig er umfjöllun um misnotkun, góð og vond leyndarmál og góða og vonda snertingu (Ás styrktarfélag, e.d.). María segir að oft virðist gleymast að rekja kynhegðun sem samræmist ekki gildum og viðhorfum samfélagsins, til ónógrar fræðslu. Því hefur verið litið á slíka hegðun sem vandamál í stað eðlilegrar mannlegrar hegðunar. Talar María einnig um að mikil takmörkun sé á ráðgjöf og kynfræðslu, bæði innan og utan menntakerfisins, fyrir einstaklinga með þroskahömlun, aðstandendur þeirra og starfsfólk. Oft er fólk með þroskahömlun berskjaldað fyrir kynferðislegri misnotkun og er því mun líklegra til þess að verða fyrir slíku ofbeldi en ófatlað fólk. Þarf því að leggja sérstaka áherslu á fræðslu til þessa hóps til þess að gera honum grein fyrir réttindum sínum ásamt því að greina hvað felst í misnotkun og hvernig sé hægt að varast hana.

Ekki virðist vera í boði fræðsla þar sem fjallað er um aðra kynhneigð en gagnkynhneigð og því gæti verið erfitt fyrir íslensk fötluð ungmenni sem eru að átta sig á að kynhneigð sín sé önnur en gagnkynhneigð, að gera sér grein fyrir kenndum sínum. Ekki er þó vitað hvort fjallað sé um ólíkar kynhneigðir í fræðsluefni þekkingarseturs Áss styrktarfélags.

#### 4. Hvaða aðstoð er í boði?

Í þessum kafla verður fjallað um hvaða aðstoð er í boði fyrir samkynhneigt fatlað fólk á Íslandi. Einnig verður greint frá því hvaða afleiðingar lítil þekking og aðstoð getur haft í för með ásamt nokkrum úrræðum.

##### 4.1. Hvaða aðstoð er í boði? Hvað er til bóta?

Sérstakur stuðningur/samtök fyrir samkynhneigðar fatlaðar konur hefur verið starfræktur á sumum stöðum erlendis (og telst það jákvætt) (Whitney, 2006). Þegar litið er á hvaða þjónusta er í boði fyrir samkynhneigt fatlað fólk á Íslandi er hægt að telja upp nokkur samtök, félög og hagsmunasamtök sem sérhæfa sig þó flest aðeins í ráðgjöf eða aðstoð fyrir annan hvorn hópinn. Hér á eftir verður annars vegar fjallað um þá þjónustu sem ríkið hefur skipulagt og ber skylda til að sjá um og hins vegar verður umfjöllun um helstu hagsmunasamtök sem starfrækt eru á Íslandi og veita ákveðna þjónustu.

##### 4.1.1. Hagsmunasamtök

*Samtökin '78* er félag samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transgender fólks á Íslandi. Meðal markmiða samtakanna er að berjast fyrir ýmsum mannréttindum þessara hópa, vinna að sýnileika og viðurkenningu þeirra svo að þeir geti notið jafnréttis á við aðra í íslensku samfélagi (*Samtökin '78*, e.d.-b). *Samtökin* bjóða uppá ýmsa fræðslu og hafa þau til að mynda boðið upp á fræðslu fyrir nemendur og starfsfólk skóla. Einnig er til staðar starfandi félagsráðgjafi þar sem í boði er ráðgjöf fyrir hinsegin fólk og aðstandendur þeirra (*Samtökin '78*, e.d.-c). Einnig er starfshópur á vettvangi Samtakanna '78 sem ber nafnið *KMK – Konur með konum* sem hefur það að markmiði að efla félagsleg tengsl lesbískra og tvíkynhneigðra kvenna. Á meðal þeirra samtaka sem starfa á vettvangi Samtakanna '78 er *FAS – Samtök foreldra og aðstandenda* samkynhneigðra sem eru samtök fyrir aðstandendur til að koma saman, fá fræðslu og upplýsingar og efla sýnileika aðstandenda í samfélaginu. Þar að auki er *Q-félag hinsegin stúdenta* sem er hagsmuna- og skemmtifélag stúdenta við Háskóla Íslands og fleiri skóla á Íslandi. Að lokum ber að nefna einu samtökin sem eru sérstaklega fyrir fatlað fólk og er það *HILDI – Samtök heyrnarlausra lesbía og homma* sem er sjálfstæður

félagsskapur með það að markmiði að vinna að réttinda- og baráttumálum samkynhneigðra heyrnarlausra (Samtökin '78, e.d.-d). Öll þessi samtök hafa það að markmiði að styðja þá sem leita til þeirra með vandamál tengd kynhneigð sinni.

Meðal þeirra hagsmunasamtaka sem snúa að málefnum fatlaðs fólks er *Þroskahjálp, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Sjálfsbjörg – landsamband fatlaðra, FFA –fræðsla fyrir fatlaða og aðstandendur* og *Ás styrktarfélag* sem er talið vera eina félagið sem býður fötluðum börnum og ungmennum upp á kynfræðslu og málefni tengd henni, eins og fram hefur komið að hér að ofan (Þroskahjálp, e.d.; Ás – styrktarfélag, e.d.).

#### 4.1.2. Þjónusta ríkisins

Með yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga var talað um að meginmarkmiðið með því væri að tryggja fötluðu fólki jafnrétti og sambærileg lífskjör á við ófatlaða. Það er talið mögulegt vegna þess að þá sé þjónustan eins nálægt einstaklingnum og kostur er og af því leiði jafnframt faglegan og fjárhagslegan ávinning (Ríkisendurskoðun, 2010). Velferðarsvið Reykjavíkurborgar sér um málefni fatlaðs fólks og eru starfræktar nokkrar þjónustumiðstöðvar innan borgarinnar sem eiga að veita félagslega ráðgjöf og upplýsingar um réttindi (Reykjavíkurborg, e.d.). Hvað varðar fatlað fólk á landsbyggðinni er gert ráð fyrir því að hvert þjónustusvæði megi ekki samanstanda af færri en átta þúsund íbúum og hafa sveitarfélögin á landinu komið sér saman um að veita fötluðu fólki viðeigandi þjónustu (Fljótsdalshérað, e.d.).

Á meðal þeirrar þjónustu/aðstoðar sem starfrækt er sérstaklega fyrir fatlað fólk á vegum ríkisins má nefna *Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins*, þar sem athuganir og greiningar fara fram ásamt fræðslu og ráðgjöf til barna og foreldra. Þar að auki má nefna *Öryrkjabandalag Íslands og Trúnaðarmann fatlaðra* (Þroskahjálp, e.d.; Ás – styrktarfélag, e.d.).

#### 4.2. Afleiðingar lítillar þjónustu

Meðal þeirra afleiðinga sem lítil samfélagsleg þjónusta fyrir samkynhneigt fatlað fólk getur haft er að þetta fólk getur upplifað uppgjöf, félagslega einangrun og fordóma bæði frá öðrum og frá sjálfum sér (e. internalized ableism). Rannsóknir

erlendis hafa sýnt fram á að vegna óöryggis samkynhneigðra fatlaðra kvenna hafa verið mörg dæmi um að þær komi seint út úr skápnunum með kynhneigð sína, þrátt fyrir að vitund þeirra um hana sé löngu tilkomin. Einnig sýna niðurstöður rannsókna að samkynhneigðar fatlaðar konur hafa upplifað kynhneigð sína jákvæða en skerðingu sína neikvæðan hluta af sjálfsmýnd sinni (Whitney, 2006).

### 4.3. Úrræði

Talið er að einn mikilvægasti þátturinn í að upplifa sjálfsviðurkenningu vegna stöðu sinnar er að hitta fólk í sömu stöðu, sem tilheyrir sama „samfélagi“. Í rannsókn sem gerð var meðal samkynhneigðra fatlaðra kvenna greindi ein konan frá því að þegar hún hafi fengið tækifæri til að hitta og tengjast öðru fólk sem tilheyrir sama hópi og hún, hafi það veitt henni tækifæri til að sætta sig við sjálfa sig. Þátttakendur rannsóknarinnar töluðu einnig um að eftir að þær komust í samband við aðra í sömu stöðu í gegnum *Internetið* hafi það hjálpað þeim mikið. Að mynda tengsl við aðra í sömu stöðu hafði góð áhrif á það skref að viðurkenna tilvist skerðingar sinnar eða kynhneigðar og sætta sig við hana (Whitney, 2006).

## 5. Félagsráðgjöf

Í þessum hluta verður stuttlega greint frá því hvert hlutverk félagsráðgjafa er, eftir hvaða hugmyndafræði þeir vinna ásamt stuttri umfjöllun um hluta þeirra siðareglna sem félagsráðgjafar styðjast við. Rætt er um aðkomu félagsráðgjafa að fötluðu- og samkynhneigðu fólki og þá sérstaklega fólki sem tilheyrir báðum hópunum. Einnig er umfjöllun um umfang námsefnis og kennslu á meðal félagsráðgjafanema sem tengist þessum hópum og staða náms í félagsráðgjöf á Íslandi borin saman við sambærilegt nám erlendis.

### 5.1. Hlutverk félagsráðgjafa

Eins og nafnið gefur til kynna veita félagsráðgjafar ráðgjöf. Í stuttu máli veitir félagsráðgjafi ráðgjöf bæði í félagslegum og persónulegum aðsæðum. Með faglegri þekkingu sinni veita þeir aðstoð og meðferð. Meðal verkefna félagsráðgjafa er að vinna að mótun og nýsköpun félagslegra úrræða (Guðrún H. Sederholm, Ella Kristín Karlsdóttir og Áslaug Ólafsdóttir, e.d.) Frá upphafi hefur hugmyndafræði heildarsýnar fylgt námi og starfi félagsráðgjafa. Lýsir Lára Björnsdóttir (2006) hugmyndafræði heildarsýnar á eftirfarandi hátt: „Að baki þeirrar hugmyndafræði býr sú sýn á manneskjuna að hver og einn einstaklingur sé margbreytilegur og sérstakur, að líta þurfi á aðstæður hans frá öllum hliðum og í samhengi við umhverfi hvers og eins, fjölskyldu, vina og vinnufélaga og raunar samfélagið í heild sinni.“ (bls. 54).

Í siðareglum félagsráðgjafa kemur fram að grundvöllur félagsráðgjafar sé virðing fyrir manngildi hvers einstaklings ásamt því að félagsráðgjafar vinni alltaf gegn mannréttindabrotum, hvar svo sem þau eiga sér stað. Einnig kemur fram að félagsráðgjafi eigi undir öllum kringumstæðum að virða réttindi hvernar manneskju í heild sinni ásamt því að virða rétt hennar til einkalífs og sjálfsákvörðunarréttar. Félagsráðgjafi á að upplýsa skjólstaðing um úrræði og hjálparmöguleika, bera ábyrgð á eigin hæfni í starfi og er honum skylt að stunda fræðslu- og rannsóknarstörf ásamt því að eiga frumkvæði að því að þróa nýjar hugmyndir í félagsráðgjöf (Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d.).



## 5.2. Aðkoma félagsráðgjafa að samkynhneigðu fötluðu fólki

Í samskiptum rannsókn sem gerð var til þess að finna, lýsa og skilja tækifæri og hindranir fólks með þroskahömlun þegar kemur að myndun sambanda og tjáningu kynferðis og ástar, var meðal annars reynt að svara þeirri spurningu hvaða áhrif starfsfólk sem starfað hafði með þessu fólki og foreldrar hafi á kynferðislega tjáningu (e. sexual expression) ungs fólks með þroskahömlun. Kom í ljós að starfsfólk þarf á frekari handleiðslu og menntun um fötlun og kynhneigð að halda. Ástæðan er sú að það finnur meðal annars fyrir ákveðinni ábyrgð gagnvart kynhneigð unga fólksins og á það til að sýna „refsiaðgerðir“ um leið og unga fólkið þróar með sér mismunandi félagslega hegðun til þess að takast á við umhverfi sitt (Mårtenson, 2004). Þegar litið er á sögu félagsráðgjafar hefur greinin lagt takmarkaða áherslu á þrjá þætti; fötlun, kynhneigð og svo samþættingu þessara beggja þátta. Sem dæmi má nefna að rannsókn sem gerð var í 192 félagsráðgjafarskólum í Bandaríkjunum sýndi að aðeins 12% þeirra skóla buðu upp á námskeið sem tengjast fötluðu fólki (Mackelprang, 1993). Svipaða sögu má segja um tengingu félagsráðgjafar og kynhneigðar. Lítið er um námsefni sem tengist fjölbreytni kynhneigða (Diaz og Kelly, 1991). Ef félagsráðgjafanám Háskóla Íslands er skoðað er eitt skyldunámskeið sem ber heitið *Fatlaðir og samfélagið* og er innan kennsluskrár grunnnáms félagsráðgjafardeildar en ekkert námskeið er kennt sem lýtur sérstaklega að fjölbreytileika kynhneigða eða hinsegin fólks (Háskóli Íslands, e.d. –b). Þrátt fyrir að félagsráðgjafar eigi að vera menntaðir á því sviði að geta rætt við skjólstæðinga sína um viðkvæm málefni er lítið í námsefni og starfsnámi þeirra um málefni sem tengjast kynhneigð og kynhegðun (Strawgate- Kanefsky, 2000). Mikil þörf er á aukinni þekkingu og færni félagsráðgjafa um fatlað fólk í tengslum við kynferði, kynhneigð og kynfræðslu. Til þess að félagsráðgjafar geti aðstoðað skjólstæðinga sína og fjölskyldur þeirra þarf þekking þeirra að vera til staðar. Talið er að til þess að koma fötlun og samkynhneigð að innan félagsráðgjafar þurfi nemendur m.a. að þjálfa sig í að brjóta niður staðalímyndir og er einnig talið að félagsráðgjafamenntun ætti að hvetja nemendur til að kanna siðfræði og gildi tengd fötlun og kynhneigð (Ballan, 2008). Ballan (2008) telur mörg tækifæri vera fyrir kennara til að koma að kennslu og samþætta fötlun og samkynhneigð. Hún tekur saman nokkur atriði um þessa hópa sem hún telur að

hægt sé að nota til að mynda umræðu og til að þróa grundvöll að fyrirmynd fyrir námsefni um samkynhneigt fatlað fólk;

- Tilraunir hafa verið gerðar til að útrýma bæði hinsegin- og fötluðu fólki.
- Í sumum tilfellum er talið að samkynhneigt fatlað fólk sé siðspillt á tvöfaldan hátt. Talið er að hægt sé að rekja það til lítillar áherslu samfélagsins á kynhegðun þessa hópa.
- Fatlað fólk er hvatt af umhverfinu til að fela bæði skerðingu sína og kynhneigð. Afleiðing þess að þetta fólk þykist vera ófatlað og gagnkynhneigt getur leitt til einangrunar og það verður ósýnilegt innan samfélagsins.
- Hinsegin fatlað fólk er oft talið óhæfir foreldrar og er það líklegra til fá ekki að ættleiða börn, það er reynt að takmarka tækifæri þess til að ala upp börn og viðhalda forsjá barna sinna.
- Aðgengilegt fræðslu- og kennsluefni tengt kynhneigð er ófáanlegt. Þá er átt við efni þar sem textinn hefur verið einfaldaður og fáanlegur í margþættum framsetningum, svosem með myndútskýringum eða á hljóðupptöku.

Ballan kemst að þeirri niðurstöðu að þörf sé á menntun um mannlegt kynferði (e. human sexuality education) innan félagsráðgjafar til þess að bæta þekkingu, hæfni og íhlutunarfærni nemenda ásamt því að auka hæfni þeirra til að fjalla um kynferði fatlaðs fólks á „vettvangi“. Í ljósi þessara niðurstaðna telur Ballan að alþjóðleg samtök þurfi að koma af stað nýjum brautryðjendaaðferðum í gegnum félagsleg sjónarhorn, til að fræða nemendur í félagsráðgjöf um kynferðislega bælingu fatlaðs fólks.

Fræðimenn hafa rætt það að þegar um kynferðislega þörf fatlaðs fólks sé að ræða, þurfi félagsráðgjafar að vera þjálfaðir til að bregðast við á jákvæðan hátt. Talið er að ástæða neikvæðra viðhorfa fatlaðs fólks til kynferðis og kynlífs sé meðal annars vegna viðhorfa starfsfólks til þess. Í sumum tilfellum neitar fólk sem starfar með fötluðu fólki kynverund þess og getur ofverndað það þegar kemur þessu sviði (McCabe, 1999).

## Umræða

Í stuttu máli má segja að niðurstöður þessa verkefnis séu þær að til staðar sé takmörkuð þjónusta/aðstoð fyrir samkynhneigt fatlað fólk á Íslandi, ónóg fræðsla sem býður ekki upp á fjölbreytileika og að þekkingarleysi meðal félagsráðgjafa og fagfólks sé til staðar gagnvart þessum hópi. Ljóst er að sýnileiki samkynhneigðs fatlaðs fólks á Íslandi er lítill sem enginn. Vinna þarf að bættum hag þessa hóps bæði hér á landi og erlendis. Þrátt fyrir bága stöðu þessa hóps er það jákvæður þáttur að hægt er að bæta hana. Vandamálin liggja öll í umhverfinu; þekking, þjónustukerfi og viðhorf, allt eru þetta þættir sem hægt er að breyta.

Hér verður reynt að svara þeim rannsóknarspurningum sem settar voru fram í byrjun.

*Hvaða þjónusta/aðstoð er í boði fyrir samkynhneigt fatlað fólk á Íslandi?*

Til er fjöldinn allur af félögum og samtökum á Íslandi sem veita ráðgjöf, þjónustu, standa vörð um réttindi og efla sýnileika. Öll þau félög og samtök sem starfrækt eru sérhæfa sig þó einungis í þjónustu fyrir annað hvort fatlað fólk eða samkynhneigt fólk, að undanskildu *HILDI* sem eru samtök heyrnarlausra lesbía og homma. Er það sjálfstæður félagsskapur þar sem unnið er að réttinda- og baráttumálum samkynhneigðra heyrnarlausra. Jákvætt og gott starf hefur þó verið unnið innan Áss-styrktarfélags, sem heldur úti fræðslu fyrir börn og ungmenni með þroskahömlun, fjölskyldur þeirra og starfsfólk. Námskeið, þar sem tekin er fyrir aðgengileg kynfræðsla, eru haldin en ekki er þó vitað hvort þar sé sérstaklega rætt um samkynhneigð.

*Er viðeigandi fræðsla til staðar hér á landi um fötlun og samkynhneigð?*

Ljóst er að kynfræðsla fyrir fatlað fólk er meiri erlendis en á Íslandi. Rannsóknir sýna þó fram á að fatlað fólk hafi alla jafnan neikvætt viðhorf til kynlífs, sérstaklega til sjálfsfróunar, kynmaka og þess að vera samkynhneigður. Fræðimenn segja að það liggja ljóst fyrir að þörf sé á að þróa kynfræðsluefni til hins betra og að mikilvægt sé að það höfði til þarfa bæði fólks með þroskahömlun og hreyfihömlun. Þegar litið er til stöðunnar á Íslandi kemur í ljós að hún er fremur bág. Ekki eru

mörg ár liðin frá því að orðinu „kynhneigð“, í samhengi þess að ekki megi mismuna nemendum, var bætt inn í lög og aðalnámskrár skóla. Staðreyndin er sú að mikill skortur er á sýnileika samkynhneigðar innan skóla á Íslandi og hafa íslenskar rannsóknir sýnt fram á að til staðar eru neikvæð viðhorf gagnvart samkynhneigð af hálfu kennara, nemenda og samfélagsins í heild. Töluvert hefur þó verið gert af kennsluefni tengdu samkynhneigð á síðustu árum en það veltur allt á kennurunum sjálfum hversu mikið er fjallað um það. Það hefur sýnt sig að þegar kennurum var veitt fræðsla um sam- og tvíkynhneigð hafði það jákvæð áhrif á viðhorf þeirra. Gagnkynhneigð virðist því vera eina kynhneigðin sem birtist í kennslubókum íslenskra skóla og sendir það þau skilaboð að það sé eina eðlilega kynhneigðin. Eins og niðurstöður íslenskrar rannsóknar sem gerð var árið 2006 sýna, þar sem námsbækur á yngsta stigi grunnskóla voru innihaldsgreindar með tilliti til birtingarmyndar samkynhneigðar, kom í ljós að hvergi er fjallað um samkynhneigð eða ólíkar fjölskyldugerðir. Sigrún Sveinbjörnsdóttir talar um að sýnileiki samkynhneigðar þurfi að vera meiri en aðeins einn kafli í kynfræðslubók. Hún segir að samkynhneigð og samkynja fjölskylduform þurfi að sjást í kennsluefni og sem flestum fögum innan skólanna.

Lítið er um upplýsingar um hvort fötluð börn og ungmenni á Íslandi fái viðeigandi kynfræðslu sem lýtur að fjölbreytileika því engar rannsóknir hafa verið gerðar svo vitað sé. Skýrt dæmi um þetta birtist í frásögn ungrar fatlaðrar konu um reynslu sína af kynfræðslu í sínum skóla. Þar birtust aðeins myndir af hinum „hefðbundna“ ófatlaða líkama og ekkert minnst á að mannlíkaminn geti verið mismunandi. Fann hún því enga samsömun með sjálfri sér og myndaði því neikvætt viðhorf um kynferði og kynlíf í kjölfar þess. Mikil takmörkun er talin á ráðgjöf og kynfræðslu bæði innan og utan menntakerfisins fyrir fatlað fólk, aðstandendur þess og starfsfólk. Gott starf hefur þó verið unnið eftir að þekkingarsetur um félagstengsl og kynímynd var stofnað árið 2007. Þar er í boði aðgengileg fræðsla og námskeið fyrir fötluð börn og ungmenni með þroskahömlun, aðstandendur og starfsfólk. Á námskeiðunum, sem börnin og ungmennin greiða fyrir, er meðal annars kynfræðsla þar sem rætt er um kynheilbrigði, kynhvöt, ástina, hreinlæti, hvaða reglur gilda í kynlífi, umræða um misnotkun ásamt umfjöllun um samskipti á

*Internetinu.* Leggur þekkingasetrið áherslu á að oft gleymist að rekja kynhegðun, sem er ekki talin samræmast gildum og viðhorfum samfélagsins, til ónógrar fræðslu. Oft hefur því verið litið á slíka hegðun sem vandamál í stað eðlilegrar mannglegrar hegðunar. Eftir þessa leit að upplýsingum um stöðu viðeigandi fræðslu um fötlun og samkynhneigð virðist hvergi vera fjallað um aðra kynhneigð en gagnkynhneigð og má því ætla að erfitt sé fyrir samkynhneigð fötluð ungmenni að átta sig á og sætta sig við kynhneigð sína. Niðurstaðan er því sú að kynfræðsla á Íslandi er eingöngu gagnkynhneigð, hún er einsleit og getur fatlað fólk því ekki samsamað sig og ekki virðist sá möguleiki vera fyrir hendi innan þeirrar fræðslu sem í boði er að fatlað fólk geti verið samkynhneigt.

*Hvernig er aðkoma félagsráðgjafa að málefnum samkynhneigðs fatlaðs fólks?*

Þegar félagsráðgjöf er skoðuð í tengslum við samkynhneigt fatlað fólk mætti ætla að hæfni, hlutverk og fagleg þekking stéttarinnar ætti að henta vel til ráðgjafar fyrir þennan hóp. Má þá sérstaklega nefna hugmyndafræði heildarsýnar, þar sem allir þættir hvers og eins einstaklings eru teknir til greina í samhengi við umhverfi hans og í raun samfélagsins í heild.

Takmörkuð áhersla hefur verið lögð á þrjá þætti innan náms í félagsráðgjöf í gegnum tíðina. Er það fötlun, kynferði/kynhneigð og samþætting beggja þátta. Í námi í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands taka nemendur skylduáfangi sem tengist fötlun og samfélagi en talið er að of lítið sé um að samkynhneigð eða samkynja fjölskylduform séu fléttuð inn í námsefnið. Ekki hefur þó verið gerð sérstök rannsókn þar sem námsefnið hefur verið innihaldsgreint en álykta mætti að í flestum tilvikum sé gengið út frá gagnkynhneigð vegna þeirra rannsókna sem gerðar hafa verið um sýnileika samkynhneigðar innan menntakerfisins. Rannsóknir sem gerðar hafa verið erlendis telja þörf á aukinni þekkingu félagsráðgjafa á fötluðu fólki í tengslum við kynferði, kynfræðslu og kynhneigð. Til þess að sú þekking náist þarf meðal annars að bæta við fræðslu um þessi málefni við nám í félagsráðgjöf og brjóta niður staðalímyndir. Talin er vera þörf á brautryðjendaaðferðum til þess að hægt sé að breyta og bæta færni félagsráðgjafa til að starfa með samkynhneigðu fötluðu fólki.

Meðan á vinnu minni stóð við þessa ritgerð lagði ég áherslu á að kynna mér sýnileika þessa hóps úti í samfélaginu. Kom það mér mikið á óvart hversu algjörlega óþekktur þessi hópur er. Allflestir sem vissu um hvað ég væri að skrifa höfðu aldrei hugsað út í að þetta væri til. Misjafnt var þó hvernig viðbrögð ég fékk. Margir tóku þessu þó á jákvæðan hátt og sögðu að ég væri að opna nýjan heim fyrir þeim. Það sem mér þótti þó allra alvarlegast við könnun mína úti á „vettvangi“ var hversu lítill sýnileiki og þekking er á meðal samtaka og fagfólks. Sem dæmi má taka að þegar ég leitaði mér aðstoðar á bókasafni Samtakanna '78, sem er sérhæft bókasafn um allt sem viðkemur hinsegin fólki, var lítið sem ekkert um svör. Ekki var vitað til þess að efni um þennan hóp væri til innan safnsins og þegar ég spurði starfsmanninn hvort honum þætti það ekki merkilegt að þetta væri algjörlega óþekkt hér á landi, var lítið um viðbrögð. Ég hafði einnig samband við félagsráðgjafa sem starfar á vegum Samtakanna '78 og sagðist hún ekkert vita um þetta efni og hafði þar að auki aldrei fengið neitt fatlað fólk í viðtal til sín. Starfsmaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins talaði einnig um að lítið sem ekkert væri um kynfræðslu eða málefni sem tengjast henni fyrir ungmenni sem þangað sækja. Ljóst er að skortur er á rannsóknum um samkynhneigt fatlað fólk. Engar rannsóknir hafa verið gerðar um þennan hóp hérlendis og lítið er um það erlendis. Sýna niðurstöður mínar það skýrt að brýn nauðsyn er á rannsóknum á þessu sviði.

Það sem fyrst og fremst þarf að gera er að opna augu almennings fyrir því að þessi hópur sé til staðar. Auka þarf fræðslu og tel ég ónóga þekkingu vera rót vandans og merg málsins. Bæta þarf fræðslu innan allra skóla í landinu, leik- grunn- framhalds- og háskóla. Ljóst er að lítil þekking ófatlaðs fólks er á fötluðu fólki almennt, viðurkenning þess að það sé kynverur er ekki til staðar og hvað þá að möguleikinn sé fyrir hendi að það geti verið samkynhneigt. Samkvæmt lögum og aðalnámskrám skólanna kemur fram að ekki megi mismuna nemendum hvorki á grundvelli kynhneigðar né fötlunar. Ekki finnst mér skólarnir standa við þær reglur, því þegar sýnileiki beggja þessara hópa er ekki til staðar innan námsefnisins, þá hlýtur það að þýða að þeim sé mismunað.

Sérstaka áherslu finnst mér þurfa að leggja á að það þurfi ekki að hafa sér kynfræðslu fyrir fatlað fólk heldur þarf fötlun að vera hluti af almennri kynfræðslu.

Það er einnig mikilvægt fyrir aðra nemendur og til þess að breyta staðalímyndum. Þarf því sýnileiki þessara hópa að vera fléttaður inn í kennsluefni skólanna en ekki að hafa sérkafla eða klausu um þessa minnihlutahópa, því það ýtir undir þá skoðun að þeir séu „öðruvísi“ og fyrir utan það eðlilega. Þannig á fjölbreytileiki manneskjunnar alltaf að vera tekinn til greina, bæði hvað varðar kynhneigð og fötlun.

Það hefur sýnt sig samkvæmt niðurstöðum rannsókna sem gerðar hafa verið hér á landi að áhrif fræðslu á viðhorf kennara til sam- og tvíkynhneigðar bar jákvæðan árangur. Einnig kom fram að viðhorf samanburðarhópsins, sem ekki fékk skipulagða fræðslu, sýndi enga breytingu á þekkingu né viðhorfum. Þegar þessi rannsókn var gerð var samt sem áður töluverð umræða um samkynhneigð innan samfélagsins sem undirstrikar það að ekki er aðeins nóg að reyna að opna umræðuna, heldur sé skipulögð fræðsla grundvallaratriði til breytingar viðhorfa.

Áhugavert finnst mér einnig að velta því fyrir mér hvers vegna staðan sé enn í dag þannig að einstaklingar þurfi að „koma út úr skápnum“ með kynhneigð sína. Miðað við þann árangur sem barátta hinsegin fólks hefur skilað væri eðlilegast í nútímasamfélagi að börn væru alin upp á þann hátt að alltaf sé til staðar jafn möguleiki þess að vera gagn- sam- eða tvíkynhneigður. Þar af leiðandi ætti ekki að vera þörf á því að vera í feluleik og þurfa að koma út úr skápnum. Einnig er hægt að velta þessu fyrir sér í tengslum við fötlun. Hvers vegna er alltaf gert ráð fyrir því að allar manneskjur séu „eins“, á fjölbreytileiki mannfólksins ekki að vera jafn eðlilegur og fjölbreytileiki kynhneigðar?

Þegar rætt er um viðhorf samfélagsins er ljóst að þau geta hafi mikil áhrif. Sem dæmi má taka að í viðtalinu við Emblu Ágústsdóttur talaði hún um að sem barn hafi hún aldrei skilgreint sig sem hinsegin eða öðruvísi, bæði hvað varðar skerðingu hennar og kynhneigð. Það var ekki fyrr en hún varð eldri að hún varð hrædd við viðhorf samfélagsins. Það sýnir svart á hvítu hvað viðhorf umhverfisins geta spilt.

Vegna þeirra viðhorfa og þöggunar til þessa hóps sem viðgengst í samfélaginu er hægt að velta því fyrir sér hvort fagfólk sé ekki einnig smitað af sömu viðhorfum. Ef

sú er staðreyndin væri hægt að álykta sem svo að ákveðin ábyrgð hvíldi þá á félagsráðgjöfum og öðru fagfólki sem starfar með þessum hópum að vinna að breytingu þessara viðhorfa.

Staðreyndin er sú að mikla vinnu þarf til að breyta stöðu samkynhneigðs fatlaðs fólks. Þarf sú vinna að fara fram í samvinnu við það fólk, því augljóst hlýtur að teljast að fatlað fólk er sjálft sérfræðingar í sínum málum. Viðurkennist hér með að við vinnu mína að ritgerðinni óskaði ég mér stundum að ég væri fötluð kona og jafnvel samkynhneigð einnig til þess eins að geta fyllilega sett mig í þau spor sem ég hef fjallað hér um.

Það er von mín að með þessu verkefni opnast augu samfélagsins fyrir tilvist samkynhneigðs fatlaðs fólks, að fatlað fólk sé viðurkennt sem kynverur og að fólk átti sig á mikilvægi opinnar umræðu um málefni sem tengjast þessu.



## Heimildaskrá

Ás styrktarfélag. (e.d.). *Um setrið*. Sótt 29. nóvember 2011 af <http://www.styrktarfelag.is/thekkingarsetur-ass/>.

Ballan, M. S. (2008). Disability and Sexuality within Social Work Education in the USA and Canada: The Social Model of Disability as a Lens for practice. *Social Work Education*, 27, bls. 194-202.

Barnes, C., Mercer, G. og Shakespeare, T. (1999). *Exploring disability: A sociological introduction*. Cambridge: Polity Press.

Berger, K.S. (1988). *The developing person through the life span*. New York: Worth Publishers, Inc.

Birna Óskarsdóttir og Helga Björg Pálmadóttir. (2006). *Hver er ég? Birtingarmynd samkynhneigðar í námsbókum á yngsta stigi grunnskóla*. Óbirt B.Ed. ritgerð: Háskólinn á Akureyri, Kennaradeild.

Corbett, J. (1994). A Proud Label: exploring the relationship between disability politics and gay pride. *Disability & Society*, 9, 343-357.

Diaz, Y. Og Kelly, J. (1991). AIDS-related training in US schools of social work. *Social Work*, 36, bls. 38-42.

Edmonson, B. og Wish, J. (1975). Sex knowledge, attitudes and behavior of moderately retarded males. *Mental Defic*, 84, 11-18.

Eliason, M. (1996). An inclusive model of lesbian identity assumption. *Journal of Gay, Lesbian and Bisexual Identity*, 1, 3-19.

Ferfolja, T. (2007). Schooling cultures: Institutionalizing heteronormativity and heterosexism. *International Journal of Inclusive Education*, 11(2), 147-162.

- Félagsráðgjafafélag Íslands. (e.d.). *Síðareglur félagsráðgjafa*. Sótt 3. janúar 2012 af <http://felagsradgjof.is/index.php?option=content&task=view&id=8&Itemid=31>.
- Field, J. (2010). Coming out of two closets. Í D. Driedger (ritstjóri), *Living the edges* (bls.87-89). Toronto: Ianna Publications and Education Inc.
- Fljótshérað. (e.d.). *Málefni fatlaðs fólks til sveitarfélaga um áramótin*. Sótt 7. desember 2011 af [http://www.fljotsdalsherad.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=1439:malefni-fatlaes-folks-til-sveitarfelaga-um-aramotin&catid=1:latest&Itemid=430](http://www.fljotsdalsherad.is/index.php?option=com_content&view=article&id=1439:malefni-fatlaes-folks-til-sveitarfelaga-um-aramotin&catid=1:latest&Itemid=430).
- Freyja Haraldsdóttir og Alma Guðmundsdóttir. (2007). *Postulín*. Reykjavík: Salka.
- Gill, C. (1997). Four types of intergration in disability identity development. *Journal of Vocational Rehabilitation, 9*, 39-46.
- Guðmundur Páll Ásgeirsson. (1999). *Með hnút í maganum, viðtöl við lesbíur og homma um sársaukafullar tilfinningar í tengslum við að koma úr felum*. Reykjavík: Prentstofan IÐNÚ.
- Guðrún H. Sederholm, Ella Kristín Karlsdóttir og Áslaug Ólafsdóttir. (1997, 10. janúar). *Hvað er félagsráðgjöf?* Sótt 1. desember 2011 af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/308585/>.
- Háskóli Íslands. (e.d.-a) *Síðareglur Háskóla Íslands*. Sótt 29. nóvember 2011 af <http://www.hi.is/skolinn/sidareglur>.
- Háskóli Íslands. (e.d.-b). *Félagsráðgjöf*. Sótt 2. desember 2011 af [https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100600\\_20116](https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100600_20116).

Helga Baldvins- og Bjarkardóttir. (e.d.). *Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks*. Sótt 20. október 2011 af <http://www.blind.is/fraedin/sattmali-um-rettindi-fatlads-folks/nr/1038>.

Íris Ellenberger. (2011). Ef við getum skapað viðhorf þá getum við líka breytt þeim: Rætt við Emblu Ágústsdóttur. *Gay Pride 2011 – Hinsegin dagar í Reykjavík 4.-7. ágúst*, bls.47-49.

Jón Ingvar Kjaran og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2010). „Ég myndi alltaf enda með einhverri stelpu“: Eru framhaldsskólar á Íslandi gagnkynhneigðir? *Ráðstefnurit Netlu*, Menntakvika 2010, 1-15.

Kennarasamband Íslands. (2011). *Siðareglur kennara*. Sótt 29. nóvember 2011 af <http://www.ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=13873>.

Kim, H. S. (2010). UN Disability Rights Convention and Implications for Social Work Practice. *Australian Social Work*, 63, bls. 103-116.

Kristín Elva Viðarsdóttir og Sif Einarsdóttir. (2006). „Svona eða hinsegin“: Áhrif fræðslu á viðhorf kennara til sam- og tvíkynhneigðra. *Tímarit um menntarannsóknir*, 3, 26-36.

Lára Björnsdóttir. (2006). Heildrænt skipulag í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn: Félagssráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 49-61). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd.

Löfgren-Mårtenson, L. (2004). “May I?” About Sexuality and Love in the New Generation with Intellectual Disabilities. *Sexuality and Disability*, 22, bls. 197-207.

*Lög um grunnskóla nr. 91/2008.*

*Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992*

- Mackelprang, R. (1993). *Social work education and persons with disabilities: are we meeting the challenges*. Ritgerð sem kynnt var á árlegum fundi Þings félagsráðgjafa um menntun (e. Council of Social Work Education): New York.
- Mannréttindaskrifstofa Íslands. (e.d.). *Réttindi fatlaðra*. Sótt 20. október 2011 af <http://www.humanrights.is/mannrettindi-og-island/hopar/fatladir/>.
- María Jónsdóttir. (2010). *Kynverund fólks með þorskahömlun: Rannsókn um kynfræðslu*. Óbirt MA ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsráðgjafardeild.
- María Jónsdóttir. (2011). Þjónusta og fræðsla fyrir þorskahamlaða. *Tímarit félagsráðgjafa*, 1, 46.
- McCabe, M. P. Og Cummins, R. A. (1996). The sexual knowledge, experience, feelings and needs of people with mild intellectual disability. *Educational and Training Mental Retard and Developmental Disabilities*, 31, 13-22.
- McCabe, M. P. (1999). Sexual Knowledge, Experience and Feelings Among People with Disability. *Sexuality and Disability*, 17, 157-170.
- Meekosha, H. (2004). *Gender and Disability*. Sydney: University of New South Wales.
- Menntamálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámsskrá grunnskóla*. Sótt 30. nóvember 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing/efni/namskrar/nr/3953>.
- Morgunblaðið. (13. mars, 2008). *Gagnkynhneigð skólalíf*. Sótt 1. nóvember 2011 af [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1199745](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1199745).
- Ólafur Páll Jónsson. (2005). Eftirmáli. Í Ólafur Páll Jónsson og Albert Steinn Guðjónsson (ritstjórar), *Andspænis sjálfum sér – Samkynhneigð ungmenni, ábyrgð og innsæi fagstétta* (bls. 97-107). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Parsons, T. (1951). *The social system*. New York: Free Press.
- Quinn, P. (1995). Social work education and disability: benefiting from the impact of the ADA. *Journal of Teaching in Social Work*, 22, bls. 55-71.
- Raffo, S. (1999). Steps and climbing: An interview with Joyce Peltzer. Í V. A. Brownworth og S. Raffo (ritstjórar), *Restricted access: Lesbians on Disability* (bls. 18-30). Seattle: Seal Press.
- Rannveig Traustadóttir. (2003). Sjónarhorn, áherslur og aðferðir á nýju fræðasviði. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Fötlunarfræði: Nýjar íslenskar rannsóknir* (bls.17-55). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Rannveig Traustadóttir. (2005). Kynferði og fötlun. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VI: félagsvísindadeild: erindi flutt á ráðstefnu í október 2005*, (bls.263-272). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Rannveig Traustadóttir. (2006). Í nýjum fræðaheimi: Upphaf fötlunarfræða og átök ólíkra hugmynda. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Fötlun: Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði* (bls.13-37). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Reykjavíkurborg. (e.d.). *Félagslega ráðgjöf*. Sótt 7. desember 2011 af [http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3321/5336\\_view-739/](http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3321/5336_view-739/).
- Riddel, S. og Watson, N. (2003). Disability, culture and identity: Introduction. Í S. Riddell og N. Watson (ritstjórar). *Disability, culture and identity* (bls.1-18). Harlow: Pearson.
- Ríkisendurskoðun. (2010). *Þjónusta við fatlaða: Skýrsla til Alþingis*. Sótt 7. desember 2011 af [http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/thjonusta\\_vid\\_fatlada.pdf](http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/thjonusta_vid_fatlada.pdf).

- Samtökin '78. (e.d.-a). *Félagslög*. Sótt 4. janúar 2012 af  
[http://www.samtokin78.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=29&Itemid=91](http://www.samtokin78.is/index.php?option=com_content&view=article&id=29&Itemid=91)
- Samtökin '78. (e.d.-b). *Um félagið*. Sótt 7. desember 2011 af  
[http://www.samtokin78.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=17&Itemid=36](http://www.samtokin78.is/index.php?option=com_content&view=article&id=17&Itemid=36).
- Samtökin '78. (e.d.-c). *Þjónusta Samtakanna '78*. Sótt 7. desember 2011 af  
[http://www.samtokin78.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=42&Itemid=73](http://www.samtokin78.is/index.php?option=com_content&view=article&id=42&Itemid=73).
- Samtökin '78. (e.d.-d). *Starfshópar*. Sótt 7. desember 2011 af  
[http://www.samtokin78.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=39&Itemid=165](http://www.samtokin78.is/index.php?option=com_content&view=article&id=39&Itemid=165).
- Sara Dögg Jónsdóttir. (2003). *Hrein og bein – Kennsluleiðbeiningar og verkefni*.  
Samtökin '78. Sótt 3. nóvember 2011 af  
<http://www.samtokin78.is/images/pdf/hrein-og-bein-kennsluefni.pdf>.
- Shakespeare, T. (1999). Power and prejudice: Issues of gender, sexuality and disability. Í L. Barton (ritstjóri) *Disability & society: Emerging issues and insights* (bls. 191-214). Essex: Longman.
- Sigrún Sveinbjörnsdóttir. (2005). Maður með mönnun: Að lifa í sátt við sig og sína. Í Ólafur Páll Jónsson og Albert teinn Guðjónsson (ritstjórar), *Andspænis sjálfum sér: Samkynhneigð ungmenni, ábyrgð og innsæi fagstétta*. (bls.7-20). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigtryggur Jónsson. (1993). Kynlíf ýmissa minnihlutahópa. Í Hörður Þorgilsson og Jakob Smári (ritstjórar). *Sálfræðibókin* (bls.262-270). Reykjavík: Mál og menning.

- Strawgate-Kanefsky, L. (2000). *A National Survey of Clinical Social Workers' Knowledge, Attitudes and Practice Regarding Sexuality*. New York: New York University.
- Swain, J. og Cameron, C. (1999). Unless otherwise stated: Discourse of labelling and identity in coming out. Í M. Corker og S. French (ritstjórar), *Disability discourse* (bls. 68-78). Buckingham: Open University Press.
- Thomas, C. (1999). *Female forms: Experiencing and understanding disability*. Buckingham: Philadelphia.
- Timmers, R. L., DuCharme, P., Jacob, G. (1981). Sexual knowledge, attitudes and behavior of developmentally disabled adults living in a normalised apartment setting. *Sexuality and Disability*, 4, 27-39.
- Tøssebro, J. (2002). *A brief introduction to „the Nordic relational approach to disability“*. A working paper for the 6<sup>th</sup> NNDR annual conference, Reykjavík, August, 22-24.
- Watson, N. (2003). Daily denials: The routinisation of oppression and resistance. Í S. Riddell og N. Watson (ritstjórar), *Disability, culture and identity* (bls. 34-52). Harlow: Pearson.
- Whitney, B.A. (2006). Intersections in Identity-Identity Development among Queer Women with Disabilities. *Sexuality and Disability*, 1, 39-52.
- Þroskahjálp. (e.d.). *Aðildarfélög samtakanna*. Sótt 29. nóvember 2011 af <http://www.throskahjalp.is/Frettiroggreinar/Samtokin/Adildarfelog/>.